

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

ÁGÚST 2009

8. tbl. 16. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitækjaþjónustan

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 4-5
Viðtal við
Eddu Borg

- bls. 10
Bernskuminningar
Bjarna
Sveinbjörnssonar



ÍR-ingarnir sem stöðvuðu sigurgöngu FH í 44. bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands.

ÍR stöðvar sigurgöngu FH

- bikarinn aftur í Breiðholtið

ÍR stöðvaði 16 ára sigurgöngu FH í frjálsum íþróttum helgina 7. til 8. ágúst þegar liðið sigraði 44. bikarkeppni FRÍ með 180 stig og 17 stigum meira en lið FH náði. Bikarinn fer því aftur í Breiðholtið eins og til stóð.

Það var þó ekki aðeins stóri bikarinn sem ÍR-ingar tóku með sér í Breiðholtið. Kvinnalið ÍR sigraði stigakeppnina með 91

stig á móti 66 stigum FH en lið Fjölnis-Ármanns varð í 3. sæti með 57 stig. Karlalið ÍR bætti sig töluvert frá síðasta ári og endaði í 2. sæti á eftir FH með 89 stig, aðeins 8 stigum minna en sigurvegararnir. ÍR átti hreint frábæra daga og verðskuldaði svo sannarlega sigurinn en keppnisliðið sjálf og klappliðið í stúkunni átti Laugardalsvöllinn þessa tvo daga

í fínu veðrið þó svo að nokkur mótvindur hafi gert keppendum erfiðara fyrir.

ÍR eignaðist fjölda bikar-meistara og mörg persónulegu met litu dagsins ljós.

Þessi helgi verður því höfð í minni víða í Breiðholtiinu. Helstu úrslit má lesa á ÍR-síðunni inni í blaðinu.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



**Big
papas
pizza**

Mjódd
800-9999
Opið
11 - 22
bigpapas.is

Fullt af tilboðum
Besta verðið
Frábærar pissur
100% Ísl. ostur



Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Lambalærissneiðar kr. 1.598.-

Lambagúllas kr. 1398.-

Fjallalambasvið 30% afsl. við kassa



Pín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

*Eina kjötborðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

8. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Að hefja skólagöngu

Eftir nokkra daga hefja um 2,760 börn skólagöngu í grunn-skólunum í Breiðholti. Að þessu sinni gætir nokkurs kvíða vegna skólastarfs hér á landi vegna þess efnahags-ástands sem skapast hefur og allir þekkja. Sveitarfélögin þurfa að gæta mikils aðhalds í rekstri sem bitnar að einhverju leyti á skólastarfi líkt og öðrum rekstri og þjónustu sem þau annast. Engu að síður hafa borgaryfirvöld í Reykjavík lagt áherslu á að þessi vandi verði í lengstu lög ekki látinn bitna á skólastarfi enda er þar verið að leggja grundvöll að framtíð þúsunda einstaklinga. Sú hætta vofir þó engu að síður yfir að einhverja þjónustu verði að skerða um tíma þótt binda verði vonir um að hjá því verði hægt að komast. Þurfi að skerða kennslu og aðra þjónustu sem grunnskólin veitir leiðir það til þess að færri leita eftir framhaldsnámi og menntunarstigi mun hraka. Því ber að gleðjast yfir öllum þeim árangri sem næst í starfi grunnskólans hvort sem um er að ræða vörn gegn samdrætti eða áföngum í öflugra starfi til framtíðar.

Stærri fjölbrautaskóli

Verið er að leggja lokahönd á viðamikla viðbyggingu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Er það kærkominn viðbót því skólastarfið var löngu búið að sprengja það hús-næði utan af sér sem því var ætlað í byrjun. Fjölbrautaskólinn hefur verið einskonar flaggskip skólastarfs í þessu stóra hverfi sem er eins og bær í borginni og verður það vonandi um lengri framtíð. Á því sumri sem nú er að líða bærust fréttir af að ekki yrði unnt að verða við óskum allra þeirra sem vildu leggja framhaldsskólanám fyrir sig. Slæmt er ef ekki er hægt að veita fólki skólavist sem hyggur á nám í framhaldsskóla. Á umliðnum árum hefur þróun menntamála verið í þá átt að fleiri og fleiri sækja nám í framhaldsskóla og ljúka því. Framhaldsskólapróf jafngildir raunar í dag grunnskóla- eða miðskólaprófi eins og þau voru á árum áður og BA próf frá háskóla er í vitund margra jafngild stúdentsprófi fyrri ára. Oft hefur borið á áhyggjum vegna brottfalls nemenda úr framhaldsskólum og reynt að leita orsaka þess og leiða til að bæta þar um. Þess vegna er nauðsynlegt að standa dyggan vörð um þetta skólastig ekki síður en grunnskólann og er nýbygging Fjölbrautaskólans í Breiðholti skref í átt að slíku markmiði.

Að eyðileggja markaðinn

Nú er að hefjast undirbúningur að forvarnardeginum 2009 sem haldin verður í öllum grunnskólun landsins líkt og undanfarin ár. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Því miður hefur á undanförmum árum þurft að herða baráttuna gegn fíkniefnum. Neysla þeirra virðist fara vaxandi og ný og ný ungmenni verða þessum eitúráhrifum að brá. Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingar fíkniefnaneyslu fyrir ungmenni. Hún leiðir til mikilla persónuleikabreytinga og algers skorts á sjálfsstjórn þegar ekkert kemst lengur að annað en að komast yfir næsta skammt. Allt of margir foreldrar hafa þurft að sjá góða barnið sitt breytast á skömmum tíma í taumlaust ungmenni sem lifir í heimi sem enginn á aðgang að annar en sá sem ánetjast hefur fíkninni. Sölu-menn dauðans telja ekki eftir að vera á hverju strái knúðir áfram af sömu fíkn og ógeðfelld iðja þeirra sem standa að viðskiptum með fíkniefni til að belgja eigin veski og vasa. Sterkasta vörnin gegn þessum sölumönnum er að eyðileggja markað þeirra. Að móta þann skilning á meðal ungmenna að láta þessi efni vera. Að þau ánetjist ekki þeim heimi sem fíkniefnin bjóða og þeirri leið sem liggur til glötunar. Um þetta snýst forvarnardagurinn.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Grunnskólarnir að hefjast

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir mánudaginn 24. ágúst nk. utan fjögurra skóla þar sem skóla-setning verður fyrr. Þeir eru; Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Ingunnarskóli og Suðurhlíðarskóli. Hægt er að fá nánari upplýsingar um ýmsar dagsetningar í skólahaldi hvers skóla fyrir sig, vetrarfrí, jólafrí, foreldradaga, starfsdaga kennara á skólatíma og skólaslit í útdrætti úr skóla-dagatölum grunnskóla Reykjavíkur. Hátt á þriðja þúsund börn verða í grunnskólunum í Breiðholti í vetur.

ÍTR að hefja vetrarstarf

Sumarstarfi ÍTR er að ljúka. Góð þáttaka var í verkefnum þess í sumar og ánægjulegt að borgar-búar meta þá þjónustu sem er í bjóði. Nú er verið að ljúka undirbúningi vetrarstarfs frísundamiðstöðvanna er kominn á fullt og ljóst að mikil aðsókn verður að frístundaheimilnum í vetur líkt og á undanförmum árum. Búið er að manna allar stöður á frístundaheimilum en verið er að ganga frá ráðningum í hlutastörf.

Rekstur Reykjavíkur-borgar betri

Rekstur Reykjavíkurborgar var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir bæði hvað snertir skatttekjur og útgjöld fyrstu þrjá mánuði þessa árs. Rekstrarniðurstaða A-hluta Reykjavíkurborgar fyrir fjármagnsliði fyrstu þrjá mánuði ársins er 567 milljónum króna betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Nær öll svið Reykjavíkurborgar eru nú rekin innan fjárheimilda á fyrstu mánuðum ársins og skatttekjur borgarinnar eru yfir áætlun. Þetta kemur m.a. fram í árshlutareikningi Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til mars 2009. Þriggja mánaða uppgjörið staðfestir þar með það sem þegar hefur komið fram í mánaðarlegum rekstraryfirlitum sem kynnt hafa verið í borgarráði, að skatttekjur eru yfir áætlun og útgjöld undir áætlun. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri sagði af þessu tilefni að árshlutauppgjörið staðfesti ábyrga og öfluga rekstrarstjórn hjá Reykjavíkurborg. Hún sagði að starfsfólk borgarinnar legði mikla vinnu fram við að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Áfram yrði haldið á sömu braut á næstu mánuðum til að halda rekstri innan fjárheimilda. Ný vinnubrögð á vettvangi borgarstjórnar hafi skipt miklu máli og nefndi hún þverpólískt samstarf um aðgerðaráætlun vegna efnahagsástandsins og regluleg vöktun með framvindu fjármála sem dæmi um þau.

Guttormur endurbyggður

Endurbyggingu útilistaverksins Guttorms er nú lokið og var hinn nýi Guttormur til sýnis í fjölskyldu- og húsdýragarðinum 2. ágúst s.l. Örlög Guttorms hins fyrri urðu þau að skemmdarvargar eyðilögðu verkið aðfaranótt 9. júlí með því að bera eld að því. Guttormur var upphaflega skólaverkefni sem 23 krakkar tóku þátt í og fengu til þess styrk úr forvarna- og framfarasjóði Reykja-

víkurborgar. Þau nutu leiðsagnar myndlistarkvennana Ólafar Nordal og Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur en einnig var Kristín Þorleifsdóttir formaður íbúasamtaka Laugardals þeim innan handar.

Aðeins brot af vegafé til Reykjavíkur

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur mótmælt áherslum og forgangsroð verkefna sem fram koma í tillögum að niðurskurði á framkvæmdafé Vegagerðar ríkisins fyrir árið 2009. Í ályktun ráðsins segir m.a. að verði þessar tillögur að veruleika muni aðeins lítið brot af framkvæmdafé Vegagerðarinnar í ár fara til höfuðborgarsvæðisins, þrátt fyrir að 70% af umferð sé á þessu sama svæði. Ráðið mótmælir sérstaklega að ekki verði hafnar framkvæmdir við aðalsamgönguæðar í Reykjavík enda telur það að um afar brýnt verkefni að ræða með tilliti til greiðra samgangna, umferðaröryggis og loftgæða í borginni. Umhverfis- og samgönguráð leggur áherslu á þátttöku ríkis í almenningssamgöngum og einnig við gerð samgöngubóta fyrir gangandi og hjólandi Ráðið telur að áherslur ríkisins beri ekki með sér að hagkvæmni og arðbærni fjárfestinga sé höfð að leiðarljósi. Aftur á móti telur ráðið „afar mikilvægt að forgangsraða samgönguverkefnum

með tilliti til hagkvæmni, umferðaröryggis og umhverfisáhrifa.”

Samstarf leikskóla við listir og menningu

Aukið samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir nefnist skýrsla er afrakstur starfhóps sem fengin var til að kanna hvernig samstarfi leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir væri háttað og koma með hugmyndir og finna leiðir til þess að styrkja enn frekar og auka það samstarf. Hópurinn leitaði til fjölmargra fulltrúa leikskóla, listaskóla og menningarstofnanna auk þess sem sendar voru út spurningakannanir til leikskóla og tónlistarskóla til að fá sem skýrasta mynd af því samstarfi sem er til staðar og hugmyndir að því hvernig hægt væri að stuðla að enn frekara samstarfi. Á meðal til-lagna hópsins er að komið verði á virku samstarfi á milli Leikskóla-sviðs, leikskóla, listaskóla og menningarstofnana, upplýsingaferli frá listaskólum og menningarstofnunum til leikskóla verði bætt og gert markvissara, að lögð verði áhersla á þátttöku barna og virkt framlag þeirra til menningar í borginni og að leikskólabörn öðlist fjölbreytt tækifæri til þess að upplifa menningarviðburði.

Útsala

20-50% afsláttur af blómum og gjafavöru.

Verið ávallt velkomin.

Opið 10-19 sunnudaga til fimmtudaga og 10-21 föstudaga og laugardaga.

Ný-blóm

Nýbýlavegi 14 • Sími 564 1129

Úrval af nýjum fiski

Kofareyktur rauðmagi

Sjósiginn fiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einars

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Hverjir vilja taka þátt í Breiðholtsdögum?

Undirbúningur Breiðholtsdaganna sem fram eiga að fara 19. til 25. október er að komast í fullan gang. Samkvæmt upplýsingum frá Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur sú hugmynd þegar komið fram að halda hátíðarsamkomu föstudaginn 23. október eftir hádegi, íþróttadag laugardaginn 24. október og dag kirkju- og trúfélaga sunnudaginn 25. október.

Í framhaldi af því er fólk beðið um að hugleiða hvernig það getur komið að þessari hverfishátíð, sem hefur verið að festa sig í sessi á undanförunum árum og

eru allar hugmyndir og ábendingar í því efni vel þegnar. Einkum er leitast við að ná sambandi við sem flesta íbúa sem spila á hljóðfæri, syngja, leika, segja sögur eða fara með gamanmál til að koma að hátíðinni. Allir áhugasamir eru hvattir til að setja sig í samband við einhvern úr undirbúningshópnum, sem á vonandi eftir að stækka, en stefnt er að því að kynna dagskrána í Breiðholtsblaðinu og á www.breidholt.is um miðjan október. Í undirbúningshópnum eru; Ágústa H. Gísladóttir frístundaráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðhols, Brynjar



Frá danssýningu á Breiðholtsdögum fyrir ári.

Fransson formaður hverfisráðs Breiðholts, Guðrún Jónsdóttir, deildarstjóri Félagsstarfsins, Krístrún Lilja Daðadóttir, deildarstjóri unglingasviðs Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergi og Erla Björg Gunnarsdóttir Alþjóðahúsinu Breiðholti. "Nú sem aldrei fyrr er fullt tilefni til að standa fyrir ýmsum skemmtilegum viðburðum sem efla tengsl, samkennd og samheldni íbúa í Breiðholti," segir í hvatningu frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og nú er spurningin hverjir vilja vera með og taka þátt í Breiðholtdögum í ár.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfirdrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Hárblik
Sími 557 8180

Eddufelli 2



Opnunartími:

Mánud. - Miðvikud. 10 - 18
Fimmtudaga 10 - 18
Föstudag 10 - 19
Laugardaga 10 - 14



10% afsláttur fyrir aldraða og öryrkja

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Skólaárið 2009-2010

Innritun hefst miðvikudaginn 20. og stendur til 26. ágúst.

Nemendur skólans þurfa að staðfesta umsóknir sínar á skrifstofu skólans Engjateigi 1 sem er opin virka daga kl. 12 - 18. Jafnframt eru nemendur beðnir að afhenda afrit af stundaskrárm sínum. Nokkur pláss laus í forskóla í Árbæ og Breiðholti.

TÓNSKÓLI
SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
<http://tsdk.ismennt.is/>



VIDTALIÐ

Farin að kenna annarri kynslóðinni

Tónskóli Eddu Borg er 20 ára um þessar mundir. Eru það önnur tímamótin í sögu skólans á sama tíma vegna þess að hann mun einnig flytja í nýtt húsnæði við Kleifarsel. Ætlunin er að minnast beggja þessara tímamóta með skráðgöngu frá Hólmasei þar sem skólastarfið hefur farið fram yfir í Kleifar-sel. Skráðgöngan mun fara fram laugardaginn 5. september og þar munu gamlir og nýir nemendur Eddu og samstarfsfólks hennar hittast og fagna þessum tímamótum.

Edda Borg hefur búið og starfað í Breiðholtinu nær óslitið frá því hún fluttist til Reykjavíkur og rek-ið skóla sinn um tveggja áratuga-skeið. Breiðholtsblaðið spjallaði við Eddu í tilefni af þessum tvennum tímamótum í lífi hennar.

Fannst Bolungarvík of lítil

“Ég er úr Bolungarvík. Dóttir Ólafs Kristjánssonar sem lengi var skólastjóri Tónlistarskólans þar og síðar bæjarstjóri. Þegar ég var 12 ára var ég farin að kvarta um að mér fyndist Bolungarvík of lítil og það foreldra mína um að flytja þótt ekki væri lengra en inn á Ísafjörð. Af því varð þó ekki en þegar ég var 16 ára og búin að ljúka tíunda bekknum fannst mér að ég ætti ekki að fara í Menntaskólann á Ísafirði. Ég vildi stefna á eitthvað stærra og því fór ég 16 ára gömul til Reykjavíkur. Ég byrjaði í Menntaskólanum við Hamrahlíð jafnframt því að stunda nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Ég hafði áhuga á að taka pianó-kennarapróf því ég hafði stundað nám í pianóleik hjá Ragnari H. Ragnar á Ísafirði. Ragnar var hins vegar með nokkuð aðrar áherslur í kennslunni en tíðkuðust í tónlistarskólanum. Ég var farin að spila í áttunda stigi hjá Ragnari en þegar ég kom í tónlistarskólann hér syðra þá kom í ljós að ég yrði að taka sjötta stig og upp úr til þess að geta tekið pianó-kennaraprófið. Þá hugsaði ég með mér að ég yrði að nýta tímann og tók því inntöku-próf í tónmenntakennaradeildina. Þannig snérist námsferillinn við og ég hætti í menntaskólanum en tók tónmenntakennarapróf og gerðist tónmenntakennari í staðinn. Ég fór að kenna tónmennt með náminu bæði við Grunn-skóla Álfthaness og líka við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. En síðar réðst ég sem tónmenntakennari við Seljaskóla og þá hófst hin eiginlega samleið mín með Breiðholtinu sem hefur staðið með litlum hléum síðan.”

Þakklát Seljakirkju

“Ég fann fljótt að það var þörf fyrir tónlistarkennslu í Seljahverfinu og í Breiðholtinu og þegar ég var 21 árs gömul þá fékk ég hugmyndina að stofna tónlistarskóla. Ég var nánast alin upp í tónlistarskóla fyrir vestan þar sem faðir minn stýrði tónlistarskólanum þar. Það var því auðvelt fyrir mig að hafa samband við hann og fá leiðbeiningar og aðstoð við hvernig ég ætti að gera þetta. Hann var líka kunnugur stjórnsýslunni sem bæjarstjóri og gaf mér mörg góð ráð þegar ég var að fara af stað með þessa hugmynd. Hann leiðbeindi mér um hvernig ég þyrfti að fá leyfi og hvað þyrfti að sækja til ríkis og borgar. Ég fékk fljótt leyfi til þess að koma þessum skóla á fót og reka hann og ég fór fljótlega inn á styrk frá Reykjavíkurborg. Þetta var á þeim tíma þegar tón-



Edda Borg ásamt eiginmanni sínum Bjarna Sveinbjörnssyni á góðri stundu.

listarskólarnir voru að fara yfir til sveitarfélaganna. Við vorum styrklaus fyrstu starfsönnina en fengum styrk strax á annarri önninni. Án þess þá hefði skólastarfið ekki geta orðið að veruleika til lengdar. Ég er líka afskaplega þakklát Seljakirkju, sóknarnefndinni, prestunum og öðru starfsfólki þar því fyrsta árið sem við vorum með skólann þá kenndum við í safnaðarsalnum og líka inni í kirkjunni. Þetta samstarf var allt til mikils sóma. Það var tekið vel á móti okkur og það voru í raun ekki aðeins prestar og starfsfólks kirkjunnar heldur voru sóknarnefndarmenn verulega velviljaðir og innan handar.”

Mikilvægt að horfa á innra starfið

“Við vorum með um 80 nemendur á fyrsta starfsárinu og þá eingöngu í forskóla. Á næsta ári stækkað skólinn nokkuð þótt við höldum okkur enn við forskóla-stigið að mestu og undirbúnings-kennslu fyrir hljóðfæraleik. Ég hugsaði að við myndum byrja á grunnum og byggja síðan ofan á hann. Á öðru starfsárinu vorum við farin að leita að húsnæði í hverfinu og staðnæmdust við verslunarkjarnann við Hólmaseið. Þarna hafði ýmiskonar starfsemi farið fram, verslunarrekstur, veitingastaður og fleira og gengið misjafnlega. Hluti húsnæðisins var ekki í notkun og við höfðum upp á eigendum þess og fengum það leigt fyrir skólastarfið. Í framhaldi af því keypti Reykjavíkurborg húsið og félagsmiðstöðin Hólmasei kom í framhaldi af því í austur-enda þess en við vorum í vestur-endanum. Kaup borgarinnar orðu einnig til þess að húsnæðið var tekið í gegn og innréttað nokkuð að nýju. Með því jókst notagildi þess því í fyrstu vorum við bara með tvær kennslustofur en með breytingunum var þeim fjölgað. Ég sagði alltaf að við mættum ekki horfa á umhverfið eða setja það fyrir okkur vegna þess að það væri innra starfið – sjálft skólastarfið sem skipti máli. Og þarna á öðrum vetrinum fórum við að byrja að kenna á hljóðfæri. Við

byrjuðum með trompet og fljótlega fylgdu fleiri blásturshljóðfæri og svo var farið að kenna á gítar, píanó og hljómborð en við byrjuðum ekki að kenna á strengja-hljóðfærin fyrr en ári síðar.”

Ungir kennarar eru opnari

“Ég hef verið mjög heppin með kennara í gegnum tíðina. Margir hafa starfað við skólann næstum því frá byrjun en aðrir skemur eins og gengur. Kennarahópurinn hefur náð að mynda fastan kjarna þótt alltaf verði einhverjar breytingar. Ég hef frekar valið að ráða yngri kennara til skólans. Ég vona að ég móðgi engan þótt ég segi þetta en mér finnst ákveðinn ferskleiki fylgja ungum kennurum. Þeir eru oft enn að móta sjálfa sig í starfi og sínar aðferðir og eru opnari fyrir nýjungum en þeir sem búnir eru að starfa lengi í sama faginu. Við fórum strax í upphafi skólans að starfa samkvæmt námsskrá menntamálaráðuneytisins en fundum jafnframt þörf fyrir að bjóða upp á meiri fjölbreytni og annarskonar nám en þar er tilgreint. Mikill fjöldi fólks hefur áhuga á að læra að leika á hljóðfæri án þess að fara þessa klassisku leið sem námsskráin er bundin af. Og við sem störfum að skólahaldinu verðum að mæta þörfinni að sinna fólki sem vill fara óhefðbundnar leiðir í tónlistarnámi. Það auðveldar okkur ef til vill að við hjónin komum bæði að nokkru leyti úr pop- og jassgeiranum og leikið með hljómsveitum sem spiluðu það sem jafnan er nefnd dægurtónlist.”

Valborg stytt í Borg

“Nei – er ekki af Borgættinni. Nafnið mitt er þannig tilkomið að ég átti að heita Edda Valborg í höfuðið á móðurforeldrum mínum Eggerti og Valborgu. Eggert var orðið að Eddu en föður mínum fannst eitthvað þungt í vöfum eða of langt að bæta Valborgu við þannig að hann stytta þetta og notaði bara síðari hlutann af nafninu. Þannig varð Edda Borg til. Þegar ég kom suður á 17da árinu fór ég strax að spila

og ég komst inn í stórhljómsveit Gunnars Þórðarsonar sem lék á Broadway, skemmtistað sem þá var í Mjóddinni og rekinn af Ólafi Laufdal. Þegar farið var að auglýsa stórsveitina þá fannst Ólafi og Gunnari hljóma betur að auglýsa bara Eddu Borg þannig að Ólafsdóttir féll aftan af þótt ég sé að sjálfssögðu áfram Ólafsdóttir í þjóðakránni og dóttir pabba. En það voru margir sem vildu tengja mig við Borgættina og kannski af eðlilegum ástæðum því þar er um nokkuð þekkt nafn að ræða. Mér fannst heldur ekki passa að nafnið mitt væri beygt og sagt til Eddu Borgar. Ég nota nafnið óbeygt og því heitir skólinn tónskóli Eddu Borg en ekki Eddu Borgar eins og það ætti að vera samkvæmt ströngustu málfræðireglum. En mér fannst að nafnið mitt ætti ekki að hafa sömu endingu og nöfn borgar, t.d. Reykjavíkurborgar þannig að Borgnafnið hefur fest við mig. Í mínum huga koma aldrei annað til greina en að nefna skólann Tónskóla Eddu Borg.”

Farin að kenna annarri kynslóðinni

“Mér finnst eins og að ég hafi stofnað þennan skóla í gær. Þetta hefur verið áhugaverður og spennandi tími og hefur liðið hratt. Það sést best af því nú hefur barn fyrrum nemanda innritaðist í skólann. Ég er farinn að kenna annarri kynslóðinni af Breiðhylltingum. Þetta er að gerast á sama tíma og við erum að halda upp á 20 ára afmæli og að flytjast í helmingi stærra húsnæði í Kleifarselinu sem er skipulagt sérstaklega fyrir starfsemi okkar og er í rauninni alveg einstakt og virkilega spennandi. Nú er 21% niðurskurður á framlagi til tónlistarskólanna í Reykjavík vegna þess efnahagsástands sem nú ríkir og þá verður maður bara að finna aðrar leiðir til þess að halda áfram og standa sig í því sem maður er að gera. Og það gerum við með því að bjóða meiri kennslu fyrir fullorðið fólk. Þar á meðal aðstandendur barnanna sem stunda nám við skólann. Þarna er stundum um að ræða fólk sem hefur eitthvert

tónlistarnám að baki frá bernskuárunum en hefur ekkert haldið því við eða fylgt eftir og einnig fólk sem aldrei hefur prufað að leika á hljóðfæri en hefur kannski alltaf langað til þess að reyna. Einnhvern pabbann hefur kannski alltaf langað að læra að blása í saxafón en aldri tekið skrefið og þessum áhugamálum ætlum við nú að mæta. Við erum líka með í huga að bjóða t.d. upp á harmonikkunám fyrir eldri borgara og gítarnám fyrir hjón og einstaklinga svo eitthvað sé nefnt. Þarna er tækifæri fyrir fjölskyldur að sameinast um áhugamál og einnig möguleiki til þess að bæta enn við fjölbreytt félags- og tómstundastarf eldri borgara í Breiðholti. Þessi kennsla getur bæði farið fram á morgnana, sérstaklega fyrir eldri borgarana og við ætlum einnig að bjóða kvöldkennslu fyrir fullorðna til að auðvelda þeim að sameina tónlistarnámið vinnu. Jú – fólk getur lært á hljóðfæri á öllum aldri. Þeir sem byrja seint verða kannski ekki hæfir til þess að spila í sínfónihljómsveit en ef fólk hefur eyra og áhuga þá getur það lært að lesa nótur og breyta þeim í hljóma út úr hljóðfærinu og haft gaman af því. Kannski er auðveldast að orða þetta þannig að allir geti lært á hljóðfæri eins og að tala. Þetta lýtur sömu lögmálum en fólk er auðvitað misjafnlega gert. Sumir eru fæddir ræðumenn en aðrir vilja helst ekki standa upp og tala. Þetta er einstaklingsbundið en það er hægt að þjálfa ræðumennskuna upp og það geta nær allir spilað á hljóðfæri sér til ánægju heima hjá sér.”

Poppsagan byrjaði í Bolungarvík

“Já – ég fékkst lengi við að leika dægurlög og jass og vann með popphljómsveitum. Poppsaga mín byrjaði heima í Bolungarvík þegar ég stofnaði hljómsveit. Ég fékk stráka í kringum mig sem áttu hljóðfæri í lið með mér og þetta var mjög skemmtilegt. Ég man eftir því að ég var að spjalla við einn strákinn sem var í hljómsveitinni og var að segja honum að ég væri að fara suður og ætlaði að fara í hljómsveit í Reykjavík. Þá brosti hann og fannst ekki mjög líklegt að ég færi í hljómsveit þar. Og mér hefði heldur ekki dott-ið í hug, stelpunni sem sat við plötuspilarann heima í Bolungarvík með sippuband í hendinni og hermdi eftir og lést vera að syn-gja í míkrofón að ég ætti eftir að standa á sviðinu á Broadway. Ég var líka ein af þeim sem alltaf horfði á Eurovision söngvakeppnina og fylgdist vel með henni en ég ætti sjálf eftir að standa á Eurovision sviðinu í beinni útsendingu var óhugsandi á þeim tíma.”

Auglýsing leiddi af sér hjónaband

Skömmu eftir að ég kom suður sá ég að auglýst var í blaði eftir bassaleikara og hljómborðsleikara sem gæti sungið í hljómsveit sem verið var að stofna. Ég svaraði en svo leið nokkur tími og ég var eiginlega búin að gleyma þessu þegar var hringt í mig og ég spurð hvort ég vildi koma í prufu. Ég fór í prufuna og var tekin inn í hljómsveitina. Það var Axel Einarrson sem síðar samdi “Hjálpum þeim” lagið sem stóð að þessari hljómsveit. Við spiluðum mikið í Klúbbunum á þeim tíma og viðar. Eins og ég sagði var auglýst eftir hljómborðs- og bassaleikara í sömu auglýsingunni. Bassaleikarinn sem kom inn í hljómsveit-



Spilað og sungið utan dyra. Edda situr við hljómborðið.

að ég hafði fyrir löngu lært að lesa nótur en hafi ekki mikla æfingu í að lesa bókstafahljómana. Ég komst í gegnum lagði vegna þess að ég var vön að spila eftir nótum og þannig var ég tekin inn í stór-sveitina þar sem við Bjarni spiluðum í ein tvö ár. Á þessum tíma var hann búinn að ákveða að fara í tónlistarnám til Bandaríkjanna og fór en ég var eftir í hljómsveitinni. Hann kom síðan heim aftur og beið eftir mér og við fórum saman vestur þar sem við vorum við nám í eitt ár. Þegar við komum til baka fór ég í tónmenntakennara-deildina.”

Herbalife í stað helgar-spilamennsku

“Ég var búin að spila mikið með hljómsveitum, um helgar sem í miðri viku en ég sá mig samt aldri

fertuga vera að spila á böllum. Þannig að þegar ég var rúmlega þrítug var ég búin að fá svolitla leið á þessu auk þess sem þessi vinna féll ekki vel að fjölskyldulífinu. Helgarnar fóru í þetta og börnin bjuggu við barnapiúlf. Þá kynntist ég Herbalife og vegna þess að ég er meylla þarf ég alltaf að taka hlutina mjög alvarlega. Á unglingsárunum hafði lent í óhappi á Spáni þar sem framtennur mínar fóru illa og þurfti að endurbyggja þær að miklu leyti. Þegar þarna var komið sögu þurfti að fara enn að endurnýja þessar viðgerðir og smíða upp á nýtt þannig að ég fór í tvær nokkuð miklar aðgerðir vegna þess. Á þeim tíma var mér boðið í grillveislu þar sem skólastjórar tónlistarskóla á landsvísi voru að koma saman og funda. Ég var ekki búin að ná mér

í andlitinu eftir þessar aðgerðir og vildi helst ekki fara í veisluna. En félagsskapurinn varð því yfirsterkari að vilja ekki fara innanum fólk vegna þess að ég átti í þessum aðgerðum. Þegar við komum fór maðurinn minn beint í lambakjöt-ið en ég átti enn mjög erfitt með að borða annað en fljótandi fæðu. Húsmóðirin á heimilinu sá að ekki var alveg allt með felldu og kallaði á mig og sagði að ég fengi að borða í grillveislunni eins og aðrir gestir þótt ég gæti ekki tuggið og hún bjó til Herbalifesjeik fyrir mig. Þetta varð til þess að ég heillaðist af þessari vöru og fór fljótlega að starfa við kynningar á henni. Þetta hafði góð áhrif á heilsuna og það sem meira er um vert þá tók þetta nýja viðfangsefni við af helgarspilamennskunni.”

ina út af þessar auglýsingu heitir Bjarni Sveinbjörnsson og varð síðar eiginmaður minn. Því segi ég stundum að ég hafi kynnst manninum mínum í gegnum blaðaauglýsingu. Og þá er ég spurð hvort við höfum verið að svara einkamálaauglýsingum en málið er að við svörum bæði sömu auglýsingunni þar sem auglýst var eftir fólki í hljómsveit. Þetta varð einnig upphafið að veru minni á Broadway vegna þess að Gunnar Þórðarson leitaði til Bjarna með að leika á bassa í stórshljómsveitinni og fljótlega var mér boðið að koma á hljómborðið. Síðar frétti ég að Gunnar hefði setið heila nótt við að útsetja lag og skrifa á nótum en ekki bókstafahljómunum eins og algengt er hjá hljómsveitastaðum í poppinu. Gunnar hafði skrifað lagið nótu fyrir nótu og hugsað með sér að ef stelpan gæti spilað þetta daginn eftir þá kæmist hún inn í hljómsveitina. En það sem hann vissi ekki var að hann var að gera mér greiða með því að skrifa nóturnar vegna þess



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

hársmiðjan

Smíðjuvegi 4 Græn gata 200 Kópavogi 557-3232

www.harsmidjan.is

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ



HÓLMGEIRS



Það var líf og fjör á gæsluvellinum bak við Fjölbrautaskólann í Breiðholti þegar tíðindamañn Breiðholtsblaðsins bar að garði fyrir nokkrum dögum. Unga fólki skemmti sér konunglega í leiktækjum og öðru sem þar er að finna. Klifurgrindin var vinsæl og hafði gæslumaður í nógu að snúast við að halda ærslum skemmtilegheitanna í skefjum þannig að engin hætta skapaðist fyrir kraftmikla krakka.

Haustdagskrá hefst með jasshátíð

Haustdagskrá Gerðubergs hefst með þátttöku í Jasshátíð Reykjavíkur þar sem ungir og upprennandi tónlistarmenn taka þátt í jassmiðjum með þekktum erlendum og innlendum kennurum. Það eru böndin Reginfirra, Trans kvintett og Kvartett Leifs Gunnarssonar sem taka þátt í smiðjunum og sýna þau afraksturinn m.a. á hádegistónleikum í Gerðubergi nú 17. til 20. ágúst.

Fyrstu sýningar haustsins verða opnaðar fimmtudaginn 20. ágúst. Halldór Baldursson, skopmynda-teiknari, opnar sýninguna “Í fréttum var þetta helst” þar sem hann dregur upp mynd af aðdraganda krepunnar; frá góðærinu fram til dagsins í dag. Í september heldur Halldór svo námskeið fyrir unglinga í skopmyndateiknun. Sama dag opnar Ólöf Erla Einarsdóttir,

grafískur hönnuður, sýninguna “Sögur án orða” þar sem sýndar verða ljósmyndir sem eru samsettar úr mörgum lögum mynda með ákveðinni tækni og eru þannig endurskapaðar á listrænan hátt. Yfir myndum Ólafar hvílir ævintýrleg stemmning sem vekur forvitni og ímyndunarafl áhorfandans. Þá má nefna að handverkskaffið sem naut vinsælda á liðnum vetri heldur áfram og verður á fyrsta miðvikudagskvöldi í hverjum mánuði

Tónleikaröðin Klassík í hádeginu heldur áfram undir stjórn Nínu Margrétar Grímsdóttur, píanóleikara. Í október kemur Gunnar Kvaran, sellóleikari, fram undir yfirskriftinni Úr gullkistu sellósins og í nóvember flytur Páll J. Palomares, fiðluleikari, barokksónötur eftir Johann Sebastian Bach.

Íslenskt handverk og hollusta



Við bæjardyr okkar hefur Árbæjarsafnið vaxið og dafnað í gegnum árin. Öll þekkjum við það, ýmist af afspurn, höfum heimsótt það e.t.v. einu sinni eða tvisvar, eða jafnvel öllum framhjá því daglega?

Nú er mál að taka á sig rögg og heimsækja Árbæjarsafnið sunnudaginn 30. ágúst því þá verður haldinn þar íslenskur markaður frá kl. 13.00 og frameftir degi. Á boðstólum verður margt spennandi og skemmtilegt, svo sem íslenskt handverk, hollusta, grænmeti og sitthvað fleira.

Þeir sem hafa á boðstólum íslenskan heimilisiðnað, hvort heldur er handverk eða matvöru, og hafa áhuga á að taka þátt í markaðnum geta haft samband við Dagnýju Guðmundsdóttur eða Guðbrand Benediktsson í síma 411 6304 og fengið hjá þeim nánari upplýsingar.

Við hvetjum lesendur til að heimsækja Árbæjarsafnið, hvort heldur er með börnin eða ömmu og afa, sunnudaginn 30. ágúst og hverfa aftur til gömlu góðu daganna þegar amma var ung.



Árni Johnsen umkrýndur krökkum úr Vinnuskóla Reykjavíkur og Kátir voru karlar hljómaði um Hólahverfið.

Brekkusöngur í Vinnuskólanum

Krakkarnir sem verið hafa að vinna í Elliðarárdalnum á vegum í Vinnuskóla Reykjavíkur að undanfögnu var einn daginn boðið í garðinn til Árna Johnsen í Rituhólum þar sem hann tók nokkur valinkunn lög sem hljóma gjarnan í brekkusöng hans á Þjóðhátíð í Eyjum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Árni gleður hjörtu ungmenna í Vinnuskólanum en mikil og góð stemmning myndaðist og mátti sjá á krökkunum að þau skemmtu sér hið besta og tóku duglega undir í söngnum. Heyra mátti lög eins og Lóan er komin, Kátir voru karlar og Sigga litla systir mín að ógleymdu Kartöflugörðunum hljóma í hverfinu við góðar undirtektir krakkanna.

Erum flutt í Bæjarlind 1-3, Kópavogi



Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur, sími: 564 0035, aquasport@aquasport.is

”allt til sundiðkunar – sund er okkar fag”

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Netinnritun á www.fb.is

125 spennandi áfangar í boði

Kennsla hefst 24. ágúst

www.fb.is

Átakið skilaði sér



Á myndinni eru Oddný stjórnarmaður og Raggý formaður Félags Sjálfstæðismann í Hóla- og Fellahverfi.

Félagar í Félagi Sjálfstæðismanna í Hóla- og Fellahverfi hafa árlega í mörg ár tekið til hendinni í hverfinu í fegrun og hreinsun. Í fyrrasumar var gert sérstakt átak í því að útrýma veggjakroti og fóru félagsmenn vítt og breitt um hverfið og máluðu jafnóðum og krots varð vart og hvöttu íbúa til að standa vaktina og mála jafnóðum yfir veggjakrot á eignum sínum.

Átakið skilaði svo sannar-

lega árangri því harla lítið er um veggjakrot í hverfinu. Þá hefur félagið staðið fyrir hreinsunardögum og gróðursetningu og var gróðursett í ker borgarinnar bæði í Hólagarði og við Eddufellið nú í sumar. Tilgangurinn með þessu átaki er fyrst og fremst sá að fegra og bæta umhverfið og hvetja sem flesta einstaklinga og fyrirtæki sem tók hafa á að taka til hendinni því margar hendur gera létt verk.

Gerðuberg:

Kristín Marja á ritþingi

Kristín Marja Baldursdóttir, rithöfundur verður fyrsti gestur á ritþingi Gerðubergs í haust.

Halldór Guðmundsson mun stýra ritþinginu en þau Þórhildur Þorleifsdóttir og Ármann Jakobsson munu einnig ræða við hana um líf hennar og listferil.

Þá verður opnuð sýning um

líf og skáldskap Höllu Eyjólfsdóttur, sem var fædd 1866 og er einkum þekkt fyrir ljóðin sem lifað hafa í sönglögum Sigvalda Kaldalóns en þau voru góðir vinir á sínum tíma. Í lok nóvember munu kvenhöfundar kynna nýútkomnar bækur af ýmsum toga undir yfirskriftinni "Kellingabækur".

Innritun

í Tónskóla Eddu Borg

Úr nógu er að velja fyrir fólk á ÖLLUM aldri:

Forskóli
Píanó
Harmonika
Þverflauta
Klarinett

Fiðla
Selló
Kontrabassi
Slagverk
Trommur

Ný
rytmísk deild

Hljómborð
Gítar
Bassi
Söngur

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 13:00-17:00
Einnig er hægt að sækja um á Rafrænni Reykjavík www.rvk.is

Fristundakort eru tekin upp í greiðslu skólagjalda.

Erum á nýjum stað - Kleifarseli 18!

Tónskóli Eddu Borg
Kleifarseli 18 • 109 Reykjavík • s. 557 3452
www.teb.is



Búálfurinn

Hólagarði

Opnum **ALLA** daga kl. **11.30!**
(Álfurinn er búinn að fá ný klæði og húsbændur !!!!)

- **BOLTINN** í beinni ! Allir helstu leikirnir og íþróttaviðburðir á risaskjá. farið inn á www.alfurinn.is til að sjá dagskrána !
- **ERTU GETSPAKUR ?** vertu með í skemmtilegum leik.. Tipp klúbbur Búálfsins er kominn í loftið ! Skoðaðu málið á www.alfurinn.is
- **ELDHÚSIÐ** opið alla daga, Tilboð með boltanum, sístækkandi matseðill.....
- **LIFANDI** tónlist flestar helgar ! syngjandi sveifla og þrumustuð... Uppákomur og viðburðir auglýstir á www.alfurinn.is

BÚÁLFURINN - BAR, GRILL OG GAMAN !



OPNUNARTÍMAR:
Mán-fim 11.30 - 01.00
Fös-lau 11.30 - 03.00
Sun - 11.30 - 01.00

www.alfurinn.is



Viltu bæta við þekkingu þína ?

Við bjóðum grunnnám í
Íslensku, ensku og
stærðfræði á haustönn
2009

Náms- og starfsráðgjafi
veitir ráðgjöf



Verð f.
stærðfræði, 4
klst. á viku er
kr. 16.000.

Verð f.
íslensku, 4
klst. á viku
er kr. 16.000.

Verð f. ensku,
4 klst. á viku
er kr. 16.000

Verð tveggja
námsgreina er
kr. 21.000

Verð þriggja
námsgreina er
kr. 26.000

Upplýsingar í síma
411-7040

Kennsla fer fram hjá Námsflokkum
Reykjavíkur, Þönglabakka 4, efri hæð.

Íslenska er kennd á mánudögum og
miðvikudögum kl. 13:00—15:00

Enska er kennd eða á mánudögum og
miðvikudögum kl. 15:15—17:15.

Stærðfræði er kennd kl. 17:20—19:20
á þriðjudögum og fimmtudögum

Umhverfisverkefni bæta umgengnina



Á þessari mynd sést blómabeð sem er eitt af því sem Ólöf Anna Ólafsdóttir hefur annast um þar sem ekið er inn í Suðurhóla. Arahólar eru í baksýn.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að fegra og bæta umhverfi í Breiðholtinu í sumar. Ásýnd ýmissa svæða hefur batnað við að rusl hefur verið tínt og sumstaðar hefur blómum og verið plantað.

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi er mikil áhugamanneskja um umhverfismál. Hún segir að ásýnd byggðanna hafa mikið að segja bæði fyrir íbúa og fólk sem

leið eigi um hverfin. Þar sem umhverfi sé hreint leggi fólk sig meira eftir því að laga til í kringum sig en þar sem lítið sé hugað að umhverfinu og sóðalegt geti talist. Guðrún segir að Ólög Anna Ólafsdóttur, garðyrkjufraeðingur hjá Reykjavíkurborg eigi mikinn heiður skilið fyrir starf sitt við fegrun umhverfisins í Breiðholtinu en hún hefur starfað þar af miklum móð.

Allt til skólans

stílabækur,
skólatöskur,
pennaveski,
möppur
og mfl.

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Miklar endurbætur á lóð Hólabrekkuskóla

Miklar umbætur hafa verið gerðar á lóð Hólabrekkuskóla. Umhverfi skólans er nær óþekkjanlegt þar sem byggt hefur verið útivistarsvæði fyrir nemendur.

Á lóðinni er að finna margvíslega aðstöðu til

afþreyingar og leikja; m.a. aðstöðu fyrir körfubolta, handbolta og fótbolta á gervigrasi. Einnig er að finna ýmis leiktæki á lóðinni sem henta börnum á öllum aldri. Óhætt má að fullyrða að betur búna grunnskólalóð sé vart að finna hér á landi.



Gróður setur svip á skólalóðina.



Leiktæku fyrir börn á öllum aldri.

SKÓLARNIR ERU BYRJADIR!

SÝNUM VARÚÐ – VÖRUMST SLYSIN!

Bifreiðastjórar! Sýnum aðgát og tillitssemi í umferðinni núna þegar yngsta fólkið er að hefja skólagönguna.

Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 12 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

gleraugað@simnet.is
www.gleraugað.is

Sjöntækjafræðingar með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Ég heiti Katrín Kristinsdóttir og er kennari í Hólabrekkuskóla. Mig langar til að segja ykkur frá því sem ég hef verið að lesa í sumar.

Síðsumars lést skáldkonan Ingi-björg Sigurðardóttir. Um ferming-araldur eyddi ég löngum stundum í lestur bóka hennar. Þar fékk hin svi-kula persóna oft makleg málagjöld en hinar heiðarlegu náðu saman að lokum og voru hamingjusamar til æviloka. Þó svo að ég sækist ekki fyrst og fremst í að lesa ástarsögur hefur það þó verið þannig í sumar að þær bækur sem ég hef lesið hafa á einhvern hátt fjallað um ástina. Þær hafa þó ekki fengið eins góðan endi og bækur Ingibjargar, sjaldn-ast hafa sögupersónurnar lifað ham-ingjusamar til æviloka með ásinni sinni.

Fimm bækur eru mér efst í huga eftir sumarið. Fyrsta er þar að nefna bókina Náunginn í næstu gröf eftir sænska höfundinn Katarina Mazetti. Eins og nafnið gefur til kynna er bók-in full af kímni. Hver gæti látið sér detta í hug að ung ekka sem kem-ur að leiði eiginmanns síns verði ástfangin af manninum sem er að vitja um næstu gröf? Það gerist nú samt og báðir aðilar fara að sækja í kirkjugarðinn fyrst og fremst til þess að komast í nánari kynni við hvort annað. Þarna mætast persónur sem koma úr mjög ólíku umhverfi og gerir það samskipti þeirra mjög erfið. Auk þess eru þær skapstórar og verða þá oft fyndnir árekstrar á milli þeirra. Þarna er tekist á við það vandamál sem oft kemur upp þegar tvær ólíkar persónur verða ást-fangnar og reyna að mætast á miðri leið. Hversu langt er hægt að ganga, hve miklu er hægt að förna fyrir ást-ina, bæði hvað varðar vinnu og lífs-stíl? Stíllinn er léttur og skemmti-legur og óvanalegur að því leyti að hann er skrifaður ýmist frá sjónar-horni konunnar eða mannsins. Bók sem virkilega er hægt að mæla með, skemmtileg, fyndin og vekur mann til umhugsunar.

Næsta bók sem ég las var allt ann-ars eðlis. Það var bókina Stúlka með perlueyrnalokk eftir Tracy Chevali-



Katrín Kristindóttir.

er. Hún gerist á heimili hollenska listmálarans Johannesar Vermeers og byggist á málverkinu stúlka með turban eða stúlka með perlueyrna-lokk. Sagan gerist á sautjándu öld og segir frá fátækri stúlku sem er vinnustúlka á heimili listmálarans. Andrúmsloftið er þarna allt annað en það sem við eigum nú að venj-ast, stéttarskipting var mikil, auk þess var jafnrétti kynjanna auðvitað ekki komið til sögunnar. Vinnufólk var réttindalaust og þrátt fyrir mikla vinnu reyndist fátæklingum mjög erfitt að vinna fyrir mat sínum. Góð áminning fyrir okkur á þessum tím-um. Áhugaverð bók um starf listmál-arans og samskipti hans við fátæka vinnustúlku.

Borgarbókasafnið stóð fyrir kvöld-göngum á fimmtudagskvöldum í sumar. Í einni slíkri var gengið um miðbæinn og lesið upp úr bókum. Þar var meðal annars staðnæmst við styttna á Austurvelli og lesið upp úr Tímabjófnum eftir Steinunni Sigurðardóttur. Það varð til þess að ég ákvað að lesa bókina aftur. Það er ótrúlegt hve gaman er að lesa góðar bækur aftur því alltaf tek ég eftir einhverju nýju sem ekki vakti athygli mína í fyrra sinnið, sérstaklega ef langur tími líður á milli. Steinunn er virkilega góður höfundur, stíllinn ljóðrænn og fyndinn þó svo að aug-ljóslega skíni einmanaleikinn í gegn í þessari sögu. Aðalpersónan sættir sig ekki við höfnun elskhugans allt sitt líf og lifir í dagdraumum. Það er sannkallaður tímabjófur að eyða lífi sínu í slíkt en aftur á móti tel ég það alls ekki tímabjóf að eyða nokkrum klukkutímum í að lesa þessa bók.

Skaparinn eftir Guðrúnu Eva Mínervudóttur kom út fyrir síðustu jól. Ég las hana einnig í sumar en fór frekar hratt yfir sögu. Hún fjallar um mann sem fyrir tilviljun gerir það að ævistarfi sínu að búa til kynlífsdúkk-ur. Hann kynnist einstæðri móður með tvö börn og glímir eldri dóttir hennar við anorexíu. Þessi bók hef-ur fengið ágæta dóma en hún höfðar ekki til mín. Bókina fjallar m.a. um ein-manaleika, lystarstol og þá siðferðis-legu spurningu hvort rétt sé að búa til kynlífsdúkkur, jafnvel barnalegar. Mér finnst ekki nægilega vel unnið

úr þessu. Hins vegar er of miklum tíma eytt í að fjalla um hvernig sam-band þeirra þróast smátt og smátt en minna gert úr því að binda sam-an lausa enda í lokin. Skemmtilega er þó unnið með nokkra atburði sem sagðir eru ýmist frá sjónarhorni kon-unnar eða mannsins. Atburðirnir og samtöl eru þá tvítekin en hugsanir á milli ýmist hans eða hennar.

Síðasta bókina sem ég lagði frá mér var Karitas án titils eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Ég hef lesið nokkrar bækur eftir Kristínu Marju og fundist þær bara góðar en aldrei fallið fyrir henni sem höfundi sem höfðar virkilega til mín. Þessi bók hefur hins vegar fengið mjög góða dóma og þar sem ég var að fara í langt flug og bókina þygg fannst mér kominn tími til að ráðast til atlögu við hana með jákvæðu hugarfari. Ég var svo sannarlega ekki fyrir von-brigðum. Mér kemur ekki á óvart að bókina hafi verið tilnefnd af Íslands hálfu til Bókmenntaverðlauna Norð-urlanda 2006. Bókina fjallar um Kar-itas, stúlku sem elst upp í stórum föðurlausum systkinahópi í byrjun 20. aldar. Svo vel hugar höfundur að öllum lýsingum á umhverfinu að auðvelt er að lifa sig inn í andrúms-loft tímabilsins. Bókin fjallar fyrst og fremst um konur, lífsbaráttu þeirra gleði og sorgir. Karitas er aðalper-sónan, við fylgjumst með henni í harðri baráttu við sjálfa sig og umhverfið, því erfitt er að samræma ástina, fjölskyldulífið og áhugann á málalastinni. Kristín Marja hef-ur skrifað framhald þessarar bókars Óreiða á striga og mun ég væntan-lega lesa hana von bráðar, því fátt veit ég skemmtilegra en hreiðra um mig og lesa góða bók.

Félagsstarfið að hefjast

Unnið er að gerð haust- og vetrardagskrár félags og tómstunda-starfsins í Árskógum og í Gerðubergi. Í boði verður fjölbreytt dagskrá kl. 9 á morgnana til 16.30 fyrir fólk á öllu aldri, úr öllum hverfum borgarinnar, og einnig hverfistengda þjónustu í sam-vinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Hádegisverður og kaffi-veitingar í kaffitíma verðskrá Velferðarsviðs á hverjum tíma.

Mikið verður lagt upp úr samstarfi við fjölmarga aðila, bæði í hverfinu og utan þess, sem eykur fjölbreytni. Sérstök áhersla verður lögð á hvers konar líkamsrækt og heilsueflingu í víðum skilningi Viðburðir og dagskrá verða kynnt sérstaklega. Þá eru allar ábend-ingar og óskir vel þegnar. Hægt er að hafa samband við Félagsmið-stöðina Árskógara í s. 5352700, Félagsstarfið í Gerðubergi í síma 5757720 og við Ágústu H. Gísladóttur frístundaráðgjafa Þjónustu-miðstöðvar Breiðholts í síma 5757720. Þá má geta þess að mánudag-inn 24. ágúst verður ferðakynning frá Úrvali Útsýn í umsjón Kjartans Trausta Sigurðssonar og Lilju Jónsdóttir. Einnig má geta þess að búið er að nettengja tölvu til afnota fyrir þátttakendur félagsstarfs-ins í Gerðubergi og verður notkun hennar án endurgjalds.

Nýjar haustvörur streyma inn.

Enn hægt að gera góð kaup á útsöluslám í göngugötu.

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900



Það er leikur að læra

Innritun í kvöld- og fjarnám er hafin

Kvöldskóli

Byggingatækniskólinn

Raftækniskólinn

Tæknimenntaskólinn

Véltækniskólinn

Meistaraskólinn

Fjarnám

Byggingatækniskólinn

Fjölmenningskólinn

Upplýsingatækniskólinn

Skipstjórnarskólinn

Raftækniskólinn

Véltækniskólinn

Meistaraskólinn

Diplómanám

Endurmenntunarskólinn

- Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
 - Útvegsrekstrarfræði
 - Flugrekstrarfræði
 - Almenn lína í rekstri og stjórnun
 - Rekstrarfræði
- Lýsingarfræði
- Lýsingarhönnun

Flugskóli Íslands

Í september hefjast:

- MCC námskeið
- ATPL námskeið
- PPL námskeið (einkaflugmannsnámskeið)
- Flugkennaranámskeið

www.flugskoli.is



Innritun lýkur 26. ágúst.

Aðstoð við innritun er 26. ágúst frá kl. 16:00 – 19:00.

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins



Innritun fer fram á www.tskoli.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Dans er íþrótt fyrir alla

Innritun og upplýsingar í síma 564 - 1111

Barnadansar

Standard & suður amerískir dansar

Salsa

FreeStyle - Jazz

Allir almennir dansar fyrir fullorðna, unglinga & börn.

★ Starismanna- og stóttafélög veita styrki vegna dansnámskeiða. Aðeins úrvals kennarar með réttindi & áratuga reynslu.

Systkinaafsláttur!

DANSSKÓLI

Sigurðar Hákonarsonar Dansiþróttafélag Kópavogs - DÍK Auðbrekku 17 - Kópavogi

Fagmennskan í fyrirrúmi

www.dansari.is

Opíó hús til æfinga.

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Bjarni Sveinbjörnsson, bassaleikari og tónlistarkennari fluttist í Breiðholtið með foreldrum sínum, Sveinbirni Bjarnasyni, síðar presti og Friðrikku Eðvaldsdóttur um sjö ára aldur. Hann hefur búið þar lengst af er frá eru talin námsár í Los Angeles í Bandaríkjunum. Bjarni er enn í Breiðholtinu, býr í Stekkunum og stendur að rekstri Tónlistarskóla og kennslu ásamt eiginkonu sinni Eddu Borg. Hann fæst einnig við tónsmíðar og hljóðfæraleik og er í þann mund að gefa út sinn fyrsta geisladisk.

Finnst ég vera að skila einhverju til baka

Fyrstu kynni mín af Breiðholtinu voru þegar foreldrar mínir voru að leggja á ráðin um að flytjast þangað. Þetta var skömmu fyrir 1970 og hverfið var nánast enn á teikniborðinu. Ég man eftir umræðunni sem þá var um Breiðholtið. Þetta nýja hverfi þótti ekki fínt og margir litu á það sem neyðarúrræði að flytjast þangað. Þetta var fyrsta stóra úthverfið sem var byggt án þess að vera með heina tengingu við eldri hluta Reykjavíkur og vel má vera að þessi umræða hafi að einhverju leyti skapast af því að upphafið að Bakkahverfinu má rekja til félagslegra lausna í húsnæðismálum. Þegar við fluttum uppeftir var gamla Breiðholtsbrautin, sem nú heitir Reykjanesbraut nokkuð ógnvekjandi. Þetta var einlegja bara malarslóði og mér fannst við vera að keyra í árfarveginum. Ég var þó ekki að spá mikið í þetta. Við vorum kominn í íbúð í Bökkunum og eitt af því sem ég man er að svalahandriðin voru lárétt þannig að auðvelt var að klifra upp á þak. Ég man að við gerðum það nokkrum sinnum og rétt má myndra sér hvað hætta stafaði af þessu í þriggja hæða blokk. Þetta brólt okkar var heldur ekki vinsælt heima fyrir þegar upp komst en nú er löngu búið að breyta þessum svalahandriðum.

Í sjálfssköpuðum lífsháska

Við náðum oftast að koma okkur í sjálfsskapaðan lífsháska og gerðum ýmislegt sem ekki væri vel séð í dag. Við strákarnir í hverfinu vorum oft að þvælast niður í Elliðaárdal. Þar fundum við meðal annars göng sem ég held að verið hafi gerð af náttúrunnar höndum. Þau voru eins og ufsilon í laginu og það tók einar tíu mínútur að skríða í gegn. Við urðum að fara réttu megin inn í göngin og það þar var



Að nálgst tvítugt og farinn að spila með ýmsum tónlistarmönnum.

fullt af steinnibbum sem við rákum okkur í. Þetta var auðvitað stór hættulegt og stundum dreymdi mig á nóttunni að ég væri fastur í göngunum en ég fór aftur og aftur því það var ákveðin áskorun fólgin í því að komast í gegn. Ég hef verið að horfa í kringum mig þarna niður frá þegar ég er að labba með hundinn en get ekki fundið þessi göng aftur. Trúlega er búið að umbylta einhverju þarna eða moka yfir þau. Kannski einhverji hafi séð hættuna sem krökkum gat stafað af þeim og ákveðið hafi verið að hylja þau. Ég veit það ekki en mér hefur ekki tekist að koma auga á þetta gamla leiksvæði okkar.

Eins og dreifbýli

Breiðholtið var eins og dreifbýli og allstaðar voru hálfgerð mannvirki þar sem verið var að byggja Bakkana og allt annað var enn óbyggt svæði. Ég man eftir holræsum sem búið var að byggja og voru vinsæl leiksvæði. Það var ekki búið að hleypa afrennsli í þau því eflaust hefði verið bundinn skjótur endi á þessa athafnasemi okkar krakkanna hefðum við komið heim illa þefjandi af klóaklykt. Við skríðum niður í rörin og komum svo bara upp úr öðrum brunni. Þetta var spennandi umhverfi og tilvalið til ýmskonar athafnasemi fyrir krakka.

Vildi hafa skólann á morgnana

Ég var í Breiðholtsskóla. Þetta var löngu fyrir tíma einsetinna skóla. Skólinn var mjög þéttsetinn og ég lenti í hóp sem var í skólanum eftir hádegis. Mér líkaði aldrei að þurfa í skólann eftir hádegis. Ég er þannig gerður að orkan er mest á morgnana og því hefði hentað mun betur fyrir mig að geta byrjað daginn í skólanum. Í stað þess að fara beint í skólann þegar maður kom á fætur fórum við oftast út að leika okkur og mér fannst því að verið væri að taka mann úr miðjum um leik til þess að fara í skólann. Ég mætti yfirleitt tíu mínútur fyrir tvö á daginn í skólann og fannst því stundum að skólaganga mín væri misheppnuð vegna þess að ég fékk ekki að njóta mín á morgnana. Þessi skólatími truflaði mig alltaf nokkuð þótt ég vendist þessu. En þetta átti sér auðvitað allt saman eðlilegar orsakir. Hverfið byggðist mjög hratt og barnmargt fólk flutti þangað. Nemendum fjölgaði því mjög hratt en húsbyggingarnar fylgdu ekki með sama hraða á eftir.

Tónlistarsagan byrjaði í Breiðholtsskóla

Tónlistarsaga mín byrjaði í Breiðholtsskóla. Ég var 11 ára þegar mér tókst að suða fyrsta gítarinn út og síðan stofnuðum við hljómsveit nokkrir 10 og 11 ára guttar. Við kunnum ekkert en fórum að æfa okkur á hljóðfærin. Við komumst yfir gítarkennslubók. Þetta var ekki hefðbundin nátnakennslubók heldur bók sem var ætluð almenningi til að æfa sig á hljóðfæri. Ég var fljótur að fara í



Bjarni ásamt þáverandi kærustu sinni og núverandi eiginkonu Eddu Borg um það leiti sem þau spiluðu saman í Stórhljómsveit Gunnars Þórðarsonar á Broadway.



Á fermingardaginn og kominn með gítarinn í fangið.

gegnum bókina og ná tókum á því sem þar var kennt þannig að ég fór að hugsa um hvort ég hefði verið gítarleikari á Spáni í fyrra lífi. Þetta gæti ekki verið svona auðvelt. Við fengum aðstöðu til æfinga í Breiðholtsskóla þrátt fyrir mikið plássleysi. Við æfðum í húsnæði sem síðar var gert að skátaheimili. Hjálmtyr sem var húsvörður í skólanum á þessum árum og kallaður Týri var einstakur við okkur. Hann var oftast tilbúinn til að mæta og hleypa okkur inn bíða eftir okkur og ganga frá. Hann var orðinn fullorðinn og hefur hugsanlega haft við lítið annað að vera á þessu tíma. Kannski var hann orðinn ekkjumaður en við vissum það aldrei. Hann var bara alltaf tilbúinn að koma og opna fyrir okkur og ganga frá og loka. Hann sýndi okkur sérstaklega vinalagt viðmót og var einstaklega duglegur að vera með okkur. Okkur þótti vænt um kallinn því hann var að gera svo mikið fyrir okkur. Breiðholtsskóli var eðlilega lokaður á sumrin en við vorum ekkert á því að hvíla okkur á spilamennskunni. Við fengum því að vera í kjallaranum hjá einum vina okkar í Tungubakkanum. Við fengum leyfi til að grafa út rými í sökkli hússins og steiptum gólfi yfir moldina. Við gerðum þetta að mestu sjálfir en pabbi stráksins hjálpaði okkar eitt-hvað eins og að blanda steypuna. Þetta var ekki fullkomin bygging og til dæmis kom vatn kom upp úr gólfinu og svo var plássíð ekki

einangrað sem ekki að sök á sumrin. Og þarna hélt tónlistin áfram að verða til. Þetta var svona ódýr redding.

Deep Purple, Queen og With Snake

Við fórum svo að spila á skólaskemmtunum og fórum að upplifa okkur sem rokkstjörnu í hverfinu. Varla var efnt í party án þess að við værum þar. Uppáhalds hljómsveitir okkar voru stórstirni á borð við Deep Purple, Queen og With Snake. Við réðum þó tæpast við að spila þeirra tónlist en hlustuðum því meira á þá. Við fórum fljótlega að semja lög til þess að efla andann og við spiluðum einnig lög eftir Gunna Þórðar og fleiri. Stóru nöfnin voru draumkennari og fjarstæðukenndara að ná tókum á tónlist þeirra svo vel væri. Ég man þó að við spiluðum eitthvað af Deep Purple lögum en man ekki til þess að við legðum í Queen. Ég held að hápunktur frægðar okkar hafi verið þegar við vorum fengnir til þess að spila á unglingaballi á Sauðárkróki 16. júní. Það var flogið með okkur norður og daginn eftir sáum við hvar verið var að stilla upp fyrir 17. júní dansleikinn sem átti að vera kvöldið eftir. Við horfðum á græjurnar, sennilega með einhverjum öfundaraugum. Þarna var verið að stilla upp fyrir Geirmund Valtýs. Ég man að við fengum 500 kall á mann fyrir að spila á unglingaballinu. Þetta var í fyrsta skipti sem



Bjarni í tónlistarhorninu heima í stofu við Geitastekkin. Bassin er ekki langt undan.

við fengum greitt fyrir að spila og ég keypti mér plötu með Queen fyrir innkomuna.

Grunnurinn í stórhljómsveitinni

Á þessum árum náði Breiðholtsskóli ekki upp úr. Áttundi bekkurinn var síðasta árið í grunnskóla þarna efra. Við lukum því grunnskólanum í Ármúla. Þá vorum við orðnir annálaðir rokkarar og héldum áfram að spila. Úr Ármúlanum lá leiðin í FB en ég hafði alltaf stundað tónlistarnám í Tónlistarskóla FÍH með öðru námi þannig að tónlistarnámið tók fljótlega yfir. Dvölin í FB varð skemmri en í fyrstu var ætlað. Á sautjándá árinu var ég farinn að spila út um allt með hinum og þessum tónlistarmönnum. Jassinn fór snemma að heilla mig og ég var farinn að spila með Stjána Magg, Guðmundi Ingólfs og fleirum. Svo kynntist ég Gunna Þórðar og fór að spila með stórhljómsveit hans sem lék um tíma á gamla Broadway sem var í kjallaranum við Álfabakkann þar sem SAM bíóin eru núna. Og þar má segja að grunnurinn að því sem ég er að gera í dag hafi orðið til. Ég hafði kynnst Eddu Borg aðeins og fékk Gunna til þess að taka hana í prufu fyrir stórhljómsveitina. Ég var hins vegar búin að ákveða að fara til framhaldsnáms í Bandaríkjunum. Ég fór einn til að byrja með en samband okkar Eddu þróaðist þannig að simreikningarnir fóru næstum að berast í sendibíl. Ég kom því heim aftur og síðan fórum við bæði út. Við komum til baka 1986 og ég byrja að kenna, fyrst í tónskóla HÍH til 1989 en þá kom Tónskóli Eddu Borg til sögunnar. Maður var aftur kominn í Breiðholtið og þess vegna tel ég mig ná því að kalla mig Breiðhyllting þótt ég sé ekki fæddur í hverfinu. Ég veit ekki hvort ég muni enda ævina í Breiðholtinu. Við kunnum vel við okkur í Englaborginni vestra og ég hef stundum velt því fyrir mér hvort við flytjum ekki vestur þegar efri árin taka að nálgast. Ég gæti vel hugsað mér það. En uppvöxturinn og ævistarfið tengist Breiðholtinu. Okkur var vel tekið í hverfinu bæði fyrr og síðar og nú finnst mér ég vera að skila Breiðhylltingum einhverju til baka.

Ætlum að skapa hverfismenningu

Bjarni Hákonarson, Skúli Júlíusson og Guðmundur og Sigurður Péturssynir festu kaup á Búálfinum í Hólagarði í lok júní og tóku við rekstri hans 1. júlí sl. Þeir hafa unnið að endurbótum á húsnæðinu og aðstöðunni að undanförunni meðfram rekstrinum en ákváðu strax að vinna það í áföngum til þess að ekki þyrfti að koma til lokunar. Þeir hafa í hyggju að breyta eldhúsi staðarins til þess að auka við gestarýmið en ætla engu að síður að bjóða upp á léttar veitingar í framtíðinni. “Við erum ekki alveg búnir að móta þessar hugmyndir,” sagði Skúli Júlíusson í samtali við Breiðholtsblaðið. “Við erum að velta fyrir okkur að bjóða léttar rétti á kvöldin og spurning um hvort við verðum með einhver tilboð í hádeginu.”

Búálfurinn hefur verið einskonar hverfisbar í Hólahverfinu um árabil en oft hefur verið rætt um að veitingastaði og kaffihús vanti í Breiðholtið. Skúli segir að þessi klassíska menning hverfapubbsins hefi aldrei náð að þróast hér á landi vegna þess að fólk telji í alltof miklum mæli að það eigi að fara á miðbæjarrölt til þess að skreppa á krá. “Að mínu mati er þetta mikill misskilningur. Fólk á að geta rölt heiman frá sér. Sest niður með öðru fólki spjallað saman, fengið sér kaffi eða einn eða tvo bjóra og stundum eitthvað að borða og rölt svo heim aftur. Ég veit ekki hvort þessi miðbæjarstemning eru leifar frá þeirri áfengismenningu sem hér tíðkaðist lengi og tíðkast raunar enn og felst í helgarfylliríum,” segir Skúli. “Ég gæti vel trúað að svo væri án þess þó að hafa hugleitt þetta til hlítar. Markmið okkar er á hinn bóginn að skapa hverfisstemningu



Skúli Júlíusson og Kristjana Hauksdóttir að baki barborðinu á “Staupasteini” – nei Búálfinum í Hólagarði.

kringum Búálfinn. Ég hef verið hér að störfum meira og minna síðan við tókum við rekstrinum og ég er hjartsýnn á að okkur tekist þetta. Ég sé að fólk héðan úr nágrenninu er að fá sér göngutúra og lítur við. Fær sér kaffi eða björglas og röltir síðan aftur heim. Fólk er einnig að koma neðan úr Bökkum, stundum labbandi og einnig úr Seljahverfinu. Vissulega hefur verið hásumar og veðrið leikið við okkur þannig að eflaust er meira um gönguferðir en á öðrum árstímum en við ætlum okkur að reyna að mæta kröfum fólks og þörfum. Við sýnum fótboltann á stórum vegg og það er ákveðinn kjarni sem kemur reglulega til þess að fylgjast með honum en svo eru aðrir sem hafa önnur áhugamál. Konurnar hafa af einhverjum ástæðum minni áhuga á fótbolta

en karlar og sumum finnst alveg nóg um áhersluna sem við höfum lagt á boltann og við verðum að bregðast við því. Við hugsum okkur að bjóða lífandi tónlist og gefa tónlistarfólki kost á að koma fram og flytja það sem það er að fást við.” Þeir Skúli og Bjarni segja nýja viðskiptavinum hafa verið duglega að mæta og engin ástæða sé til annars en hjartsýni. Þeir segja alltaf víska hættu á að óreglufólk geri sig heimakomið á svona stöðum og geti það truflað aðra viðskiptavini. Þess vegna þurfi að velja svolítið hverjir koma á staðinn en það er alltaf viðkvæmt mál að fást við slíka hluti. “Hverfisstemningu verður í fyrirrúmi hjá okkur,” segja þeir Skúli og Bjarni staðráðnir í að móta og efla góða hverfismenningu í Búálfinum í Hólagarði.

Tilboð allan ágúst

Fallegar gelneglur með French aðeins
Kr. 6.500

French gel á tásur aðeins
Kr. 4.500

Litun og plokkun
kr. 2.800

Allar vaxmeðferðir
á **15%** afslætti

f **Fætur & fegurð**
HÓLAGARÐI • LÓUHÓLUM 2-4 • SÍMI 557 5959

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod.is

Hólagarður

NAGLA FEGURÐ
Naglastofa ■ Skóli ■ www.naglafegurd.is

Vönduð tískuföt á góðu verði
Stærðir 36 - 50

Vefta
Tískuföt
Hólagarði - 557 20 10
www.vefta.is

fætur & fegurð
HÓLAGARÐI • LÓUHÓLUM 2-4
SÍMI 557-5959

reinn
efnalaug & þvottahús
síðan 1975

**Persónuleg
þjónusta og
þægilegt umhverfi**

Apótekið
lægra verð

ÝR
HÁRSNYRTISTOFAN
HÓLAGARÐI

Sími
557 2653

Boltinn í beinni

BÚALFURINN
S: 567 8444
Krá • Sportbar
Smurbrauðstofa • Snittur
Gullnáman

Sportvörur • Leikföng • Rífföng

Leiksport
Hólagarði

Sími: 557 5020

BONUS
býður betur



Englar og rósin

Mánud. – miðvikud.
kl. 12 – 18:30
Fimmtud. - Laugard.
kl. 10 – 21:00
Sunnudaga
kl. 10 – 18:00

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úrvali

Snyrtivöruverlsunin

Mana

Sími: 557 1644

Vatnsveita hundrað ára gömul

Pann 16. júní 1909 hleypti Knud Ziemsen, bæjarfulltrúi og síðar borgarstjóri, vatni á Vatnsveitu Reykjavíkur með því að skrúfa frá brunahana við Vatnsstíginn í Reykjavík. Sú framkvæmd fór fram fremur hljótt því ekki var vitað hvort eitthvað vatn kæmi um lögnina! Þriðjudaginn 16. júní sl., réttum 100 árum síðar, lék Hanna Birna Kristjánsdóttir þetta eftir til að minnast tímamótanna. Jafnframt var afhjúpaður minningarskjöldur með upplýsingum um þetta merka framfaraskref í mannlífi höfuðborgarinnar. Við athöfnina lék Brasssveitin og Götuleikhúsið framdi gjörning til-einkaðan tímamótunum.

Orkuveita Reykjavíkur minnst aldarafmælis Vatnsveitunnar og 10 ára afmælis Orkuveitu Reykjavíkur nú í ár með ýmsum hætti, m.a. verða Gvendarbrunnarnir opnir gestum og gangandi. Fyrir 100 árum voru íbúar Reykjavíkur um 11 þúsund talsins, nú um 120 þúsund, eða liðlega 10 sinnum fleiri. Vatnsveita var árið 1909 mikið framfaraspor í heilbrigðismálum og í kjölfarið komst góður skriður á holræsamál í Reykjavík. Fram að þessum tíma höfðu brunavarnir verið í miklum lamasessi, bera þurfti iðulega vatn í skjólum að brunastað, og oftár en ekki var ekki við neitt ráðið. Árið 1909 voru þrýlyft timburhús risin í Reykjavík og tryggingar voru háar á þeim vegna þess að vatnslögn skorti. Stórbruni varð m.a. árið 1903 þegar klæðaverksmiðja brann á Rauðarárholti.



Stefán Pálsson sagnfræðingur.

Stefán Pálsson sagnfræðingur segir að fyrst hafi verið vatni hleypt á kerfið úr Elliðaánum sem borgin hafi keypt af enskum viðskiptajöfri 1906 með vatnsveitu í huga en Englendingurinn nýtti ána í nokkur ár til laxveiði. Til þess að nýta að einhverju leiti þá fjárfestingu sem fólst í kaupunum á ánni hafi neðri hluti lagnarinnar verið tekin í notkun. Áfram var unnið að því að leggja lögnina upp í Gvend-



Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, skrúfar frá brunahana á horni Vatnsstígs og Laugavegar með aðstoð slökkviliðsmanns líkt og forveri hennar, Knud Ziemsen, gerði 100 árum áður þegar vatni var hleypt á kerfið í fyrsta skipti með vatni úr Elliðaánum.

arbrunna og 2. október 1909 var svo vatni hleypt á kerfið frá Gvendarbrunnum. Vatnþró var fljótlega byggð á suðurbakka árinna á móts við Breiðholtið.

„Það var ófermdarástand í vatnsmálum borgarinnar fram að þessum tíma, helsti brunurinn var í Aðalstræti og margir höfðu atvinnu sem vatnsberar. Þegar Landakotsspítali var reistur var sprengt fyrir brunni þar því spítalinn var mjög vatnsfrekur, og það mun vera í fyrsta skipti sem dínamit er notað hérlandis. Vatnspörfin jókst hraðfari eftir að vatnslögnin var komin og vatnkröfur jukust vegna aukinnar fiskvinnslu, m.a. á Kirkjusandi, og vaxandi iðnaðarstarfsemi víðar um bæinn, s.s. niðursuðu og gosdrykkjaframleiðslu. Fólk fór að sjóða vatn fyrir þvotta og nota vatn mun meira og miðlunartankur sem reistur var á Rauðarárholti leysti úr brýnustu þörfinni. Farið var að „njósna“ um vatnsnotkun borgarbúa til að tempra hana eitthvað, hreinlega var legið á gluggum til að komast að því hvort fólk væri t.d. að útvatna fisk í kjöllurum eða eitthvað álíka. Fyrst um sinn var vatnveitan ekki rekin sjálfstætt, heldur var slökkviliðsstjórninn einnig vatnveitustjóri.“

Guðmundur Björnsson læknir helsti hvatamaðurinn

„Helsti hvatamaður að vatnsveitu í Reykjavík var Guðmundur Björnsson læknir sem sat í bæjarstjórn. Árið 1902 samþykkti bæjarstjórn tillögu Guðmundar en fram

að því höfðu bæjarbúar vonað að um einkaframkvæmd yrði að ræða með þátttöku Dana eða Englendinga en á þessum árum var lítil hrifning hérlandis af opinberum framkvæmdum.

Ári seinna, eða 1910, er Gasstöðin svo tekin í notkun af þýsku fyrirtæki sem einnig setti

nokkurn svip á bæinn.

Fyrsta hugmyndin að vatnstöku fyrir Reykjavík var að bora eftir vatni í Vatnsmýrinni en það gekk ekki eftir en á sama tíma töldu ýmsir að gull væri að finna í Öskjuhlíðinni, og athyglin beindist nokkuð að því um tíma, en sú leit varð endasleppt.

Vatnveitan kostaði fyrir öld síðan margfaldar skatttekjur bæjarins og til samanburðar við framkvæmdir í dag má geta þess að vatnveituframkvæmdirnar sem hlutfall af tekjum ríkisins voru margfaldar á við kostnað af byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Hér var því um gríðarlega framkvæmd að ræða, enda bærinn allur sundurgrafinn vegna þessara framkvæmda um meira en tveggja ára tímabil, einnig vegna lagna frá Gasstöðinni. Gas var hins vegar nánast aldrei notað til að hita vatn, gagnstætt reynslu nágrannabjórðanna. Blöðin voru á þessum tíma full af skömmum vegna þeirrar slyshættu sem skurðirnir áttu að vera, allir borgarbúar voru miklir sérfræðingar. Engra slysa er þó getið frá þessum tíma. Framkvæmdir við byggingu Reykjavíkurhafnar voru einnig að hefjast svo segja má að borgaryfirvöld hafi verið nokkuð stórhuga á þessum tíma,” segir Stefán Pálsson.

Stefán segir að fljótlega hafi verið sett upp fyrstu vatnslösettin, en þess má geta að í dag fer um 40% af vatnsnotkun heimilisins til vatnslösetta.

OR þjónar íbúum allnokkra sveitarfélaga, m.a. Kópavogi.



Gamli og nýi tíminn í búningum slökkviliðsins.

Ekki borga

15.000 kr.
að óþörfu!

Pann 1. september leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 6 í númeri (nema ferðavagna, bifhjól, fornbíla og húsbíla, á þau ökutæki leggst vanrækslugjald 1. október óháð endastaf í númeri). Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.



Aðalskoðun

www.adalskodun.is

Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Svavar Stefánsson

Verslun og þjónusta

Í tæpa tvo áratugi bjuggu ég og fjölskylda mín í kaupstað austur á fjörðum. Í þá daga var lífið frekar einfalt a.m.k. miðað við nútímann. Reikningarnir voru greiddir í bankaútibúinu, matvörur og fatnaður keyptur í kaupfélaginu og fisk fékk maður gefins hjá trillukörslunum á bryggjunni. En það sem gaf þó bæjarbragnum svolítið skemmtilegan blæ voru hinir ýmsu handverksmenn sem ráku sín litlu fyrirtæki. Skósmiðurinn, konan sem átti efnalaugina, blómasalinn, bólarinn, bókarinn auk annarra handverks- og þjónustufólks. Í þá daga varð maður bara að sætta sig við ef ekki fékkst það sem einhvern vanhagaði um, ekkert internet né tölpóstur til að hjálpa manni að útvega það sem bráðvantaði. Ég man að þegar einhver hætti starfsemi vegna aldurs eða brottflutnings, þá lagðist sú þjónusta bara af og allir urðu að sætta sig við það. Engum þótti það gott.

Í dag búum við í breyttu þjóðfélagi. Við erum vön því að fá það sem við þörfumst og sækjum nauðsynjar og þjónustu þangað sem hún er veitt best og ódýrust. Kannski gerum við okkur ekki grein fyrir því að það fólk sem rekur verslun og þjón-

ustufyrirtæki þarf oft að leggja hart að sér til að bjóða okkur fjölbreytt úrval til að standast samkeppni og harðan heim viðskipta og þjónustu. Kaupmaðurinn á horninu eða minni verslunarkjarnarnir eru að keppast við stóra og völduga aðila sem eiga betri möguleika í þessum leik.

Við hér í Breiðholti eignum nokkra ágæta verslunarkjarna, verslanir og þjónustustofnanir sem veita okkur góða þjónustu og gera hverfin fjölbreyttari með starfsemi sinni. Mjóddin er t.d. dæmi um góðan og verslunar- og þjónustukjarna þar sem er að finna ótrúlega fjölbreytta og góða verslun og þjónustu á mörgum sviðum. Sjálfum finnst mér gaman að varsla þar í þægilegu umhverfi þar sem maður hittir oft vini og kunningja í göngugötunni á leið milli stofnana, þjónustufyrirtækja eða verslana. Veit ég að margir eru mér sammála um þetta.

Nú um miðjan júní í sumar fannst mér Mjóddin fá nýjan og betri svip þegar þar var opnuð fiskbúð Hólmgæis. Fram að þeim tíma varð maður að fara í önnur hverfi til að kaupa nýjan fisk þó ýmsar verslanir hefðu reynt að versla með fisk en ekki gengið upp. Ég er nú þannig innrætt-

ur að mér finnst góð fiskbúð vera hluti af lífinu. Og Hólmgæir fiskisali er einn þessara góðu fiskisala sem gerir mann léttari í skapi með frísklegri framkomu. Fyrir utan snyrtilega verslun og gott úrval, þá er hann og starfsfólk hans svo alúðlegt og skemmtilegt að það lífgar upp á hversdaginn að líta þar við.

Hólmgæir sagði mér aðspurður að verslunin gengi vel hjá honum og móttökur góðar. "Ég missti vinnuna og þá var annaðhvort að fara heim og grenja eða gera eitthvað af viti", sagði hann mér um daginn. Og mér finnst hann hafa gert "eitthvað af viti" með því að stofna búðina sína. Mér finnst hún góð og hún dregur mig að fleiri verslunum og styrkir þetta svæði.

Við skulum muna að á þessum erfiðu tímum er ekkert sjálfsagt eða sjálfsgefið. Við skulum styrkja verslanir og þjónustustofnanir í hverfunum okkar og gera þau meira aðlaðandi. Það er undir okkur sjálfum komið hvort þau dafna eða hverfa. Ef þau hverfa þá minnkar önnur þjónusta um leið og umhverfið verður fátæklegra. Það viljum við ekki. Hugsum um það þegar við verslum og nýtum þá þjónustu sem við þörfumst.

Ljósmyndasamkeppni Hverfisráðs Breiðholts 2009

Þema keppninnar er "Barnamenning í Breiðholti" í tilefni og í tenglum við Barnaþingin í Breiðholti 2009.

Sýning myndanna verður opnuð á Hverfishátíð Breiðholtsbúa sem standa mun dagana 19. – 25. október 2009.

Íbúar í hverfinu eru hvattir til gefa viðfangsefnum og áhugamálum barna og ungmenna gaum og festa á ljósmynd. Frestur til að skila inn myndum er til 25. september 2009. Hægt er að senda myndir á breiðholt@reykjavik.is og prentaðar myndir er hægt að senda á þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík. Ekki verður tekið við efni eftir að frestur er runninn út.

Úrslit verða kynnt á hátíðar-



samkomu Breiðholtið í göngugötunni í Mjódd föstudaginn 23. október 2009.

Skorað er sérstaklega á börn og unglinga að taka þátt.

Reglur keppninnar:

Hver þátttakandi má senda inn eins margar myndir og hann vill.

Óheimilt er að senda inn og/eða eigna sér myndefni eftir aðra.

Keppnin er ekki ætluð atvinnuljósmyndurum.

Allar myndir sem sendar eru í samkeppnina er Hverfisráði og þjónustumiðstöð Breiðholts heimilt að birta og nýta án endurgjalds.

Askilinn er réttur til að hafna hvaða mynd sem er og einnig að breyta fyrirsögn og myndatexta.

Dömnafnd mun velja þrjár myndir til verðlauna, niðurstaða dómnefndar er endanleg.

Ekki verður tekið við efni eftir að frestur er útrunninn.

Dans er fyrir alla

Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar, sem er einn af stærstu og virtustu dansskólum landsins, er staðsettur að Auðbrekku 17, Kópavogi en þar hafa verið nemendur frá öllu höfuðborgarsvæðinu í gegnum árin.

Skólinn leggur allan metnað sinn í fagleg vinnubrögð og hefur árangur keppnispara skólans vakið mikla athygli og allir kennarar skólans hafa, hver um sig, margra ára reynslu í danskennslu.

Í vetur verður boðið uppá almenna barnadansa, standard-suður ameríska dansa, gömlu dansana, freestyle, og salsa. Danskólinn er með kennslu fyrir alla aldurshópa, hvoru tveggja fyrir byrjendur og þá sem lengra eru komnir.

Í ár býður Danskólinn í fyrsta skipti uppá danskennslu fyrir 3ja ára börn. Þeim er boðið upp á dans, söng og leik sem er fléttað saman við tónlist. Við þetta bætast síðan fyrstu sporin í almennum samkvæmisdönsum.

Dans er góð líkamsrækt fyrir alla aldurshópa og er ein af fáum íþróttum sem þör geta stundað saman.

Við hvetjum lesendur til að kynna sér hvað Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar býður í vetur. Allar upplýsingar má finna á www.dansari.is, og innritun er í síma: 564-1111 og með tölvupósti dansari@dansari.is



Góð hreyfing

er lykillinn að góðri heilsu



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000



Skólasetning Hólabrekkuskóla haustið 2009

Skólasetning Hólabrekkuskóla haustið 2009 verður mánudaginn 24. ágúst.

Kl. 09.00 2., 3., og 4. bekkur
Kl. 10.00 5., 6., og 7. bekkur
Kl. 11.00 8., 9., og 10. bekkur

Eftir skólasetningu í hátíðarsal skólans fara nemendur með umsjónarkennara í sínar heimastofur.

Nemendur í 1. bekk verða boðaðir sérstaklega í viðtöl með foreldrum sínum 24. og 25. ágúst.

Skólastjóri

Skólasetning Breiðholtsskóla haustið 2009

Skólasetning verður mánudaginn 24. ágúst.

Nemendur mæti sem hér segir:

2. - 4. bk. mæti kl. 13:00
5. - 7. bk. mæti kl. 14:00
8.-10. bk. mæti kl. 15:00

Nemendur 1. bekkjar verða boðaðir sérstaklega með bréfi.

Skólastjóri



Skólasetning Fellaskóla haustið 2009

Skólasetning Fellaskóla verður 24. ágúst í hátíðarsal skólans.

Nemendur 2.-6. bekkjar mæti kl. 9.00.

Nemendur 7.-10. bekkja mæti kl. 10.00.

Nemendur 1. bekkjar verða boðaðir bréfsleiðis til viðtals, ásamt foreldrum mánudaginn 24. og þriðjudaginn 25. ágúst.

Skólastjóri.



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

„Markmiðið var að vera í einu af 6 efstu sætunum”

- segir Sigursteinn Gíslason þjálfari Leiknis.

Sigursteinn Gíslason er aðalþjálfari Leiknis og á langan feril sem knattspyrnumaður, aðallega sem varnarmaður. Hann hefur hætt sem leikmaður, 41 árs að aldri. Sigursteinn er Skagamaður, lék í yngri flokkum með Skagamönnum en flutti svo suður og fór að leika með KR. Árið 1988 fór hann aftur til Akranesliðsins og og spilaði með þeim til ársins 1998 og vann með þeim 5 Íslandsmeistarátitla. Hann gekk til liðs við KR árið 1999 og hjálpaði þeim að vinna sinn 1. titil í 31 ár.

Hann fór veturinn eftir til Stoke en festi sig ekki í sessi þar og fór aftur til KR og lék með þeim til ársins 2003. Síðasta tímabilið sitt sem leikmaður, árið 2004, lék hann með Víkingi í Reykjavík, sem spilandi aðstoðarþjálfari en þjálfari var þá Sigurður Jónsson Skagamaður. Víkingur féll niður það haust. Þá um haustið bauðst honum að þjálfra 2. flokk KR sem hann þáði og var með þá sumarið 2005 en tók svo einnig óvænt við meistaraflokk karla síðustu tvo mánuðina þegar Magnús Gylfason var rekinn frá KR sem þjálfari. Árið eftir er Teitur Þórðarson með KR-liðið og Sigursteinn þá ráðinn aðstoðarþjálfari og var síðan einnig með Loga Ólafssyni þegar hann tók við af Teiti. Haustið 2008 var Sigursteini boðið að gerast þjálfari 1. deildarliðs Leiknis í Breiðholti, og hefur hann verið með þá í sumar. Sigursteinn hefur unnið 9 Íslandsmeistarátitla sem leikmaður, mest allra, og spilað 22 landsleiki.

„Auðvitað var maður farinn að spá í það hvort það lægi fyrir manni að gerast aðalþjálfari hjá einhverju liði en það hentaði mér ágætlega að vera í Vesturbænum hjá KR en ég bý í göngufæri við KR-völlinn og sótti vinnu hjá Eimskip. Það hentaði því ekki að taka við hvaða þjálfarastarfi sem væri.

Það var svo einkennilegt að ég hafði lengi haft það á tilfinningunni að ég mundi þjálfra Leikni þó ég hefði enga tengingu við félagið, og ég sagði stjórnarmönnum það á okkar fyrsta fundi. Það lá því að ég segði „loksins”!

Leiknir er ekki með mikla hefð sem knattspyrnufélag, er klúbbur sem lengst af hefur spilað í neðri deildum Íslandsmótsins og eru nú að leika sitt fjórða ár í 1. deild, komu upp úr 2. deild 2005. Árið 2006 skall hurð nærri hælum því þá voru þeir í næst neðasta sæti deildarinnar en það var fjölgað í deildinni. Liðið hefur ekki verið til þessa í baráttu um tvo af efstu sætum deildarinnar sem gefa keppnisrétt í úrvalsdeild karla.

„Ég setti okkur það markmið fyrir mótið í sumar að vera með liðið í einu af 6 efstu sætum deildarinnar og það er heilmikill möguleiki á að það markmið náist. Ég hef fengið góðan stuðning frá



Sigursteinn Gíslason þjálfari við glæsilegt félagsheimili Leiknis á félagssvæðinu.

stjórninni en það sem vantar hér er sigurhefð og meiri metnað til að vilja vinna öll þau lið sem hingað koma, líka þau bestu á landinu. Ég kem úr ÍA og KR sem alltaf hafa verið á toppnum og að spila Evrópuleiki og þar var stefnan alltaf sett á toppinn.”

Allt of fáir áhorfendur

„Mér finnst alveg ótrúlegt hvað það mæta fáir á leiki Leiknis sem er í svo margmennu hverfi eins og Breiðholtið er. Nýlega vorum við að spila við ÍR, hitt Breiðholtsliðið, og það mættu aðeins um 300 manns, sem er auðvitað allt of lítið. En ég veit að þegar Leiknisliðið fer að skila árangri kemur fólk á völinn, þá skríða margir úr holunum sínum, við Íslendingar erum þannig að við hrífumst með árangrinum. Við unnum ÍR 2-1 og sumir sögðu að þar með hefðum við unnið baráttuna um Breiðholtið, en við töpuðum fyrri leiknum gegn ÍR með sömu markatölu, svo er staðan þá ekki jafntefli?

Ég tel reyndar að við séum með betra lið en ÍR. Milli þessara liða er mikill ríður og það er bara frábært. Leiknir hefur setið á haknum hvað varðar aðstöðu frá Reykjavíkurborg en nýja félagsheimilið er byggt á síðasta vetri og er algjör bylting en áður hýrðist félagið nánast í einhverjum skúr hér á svæðinu.”

- Meðalaldur Leiknisliðsins er sá lægsti í 1. deild og nánast allir leikmenn heimamenn, hafa spilað með yngri flokkum félagsins og þekkja því vel „Getto Ground”, en það kalla Breiðhyllingar stundum heimavöll Leiknis. Er það ekki hagkvæmt upp á framtíðina?

„Ég tók þann pól í hæðina að leyfa þessum strákum að njóta þess og þess vegna bættist aðeins einn aðkomumaður í liðið fyrir þetta sumar. Gunnar Einarsson. Í haust þarf ég að setjast niður með stjórn og ræða það hvort menn vilja ná lengra og bæta þá við nýjum leikmönnum. Ungu leikmennirnir verða bara betri með reynslunni en það gerði þeim gott að fá með sér einhverja góða reynslubolta til að styrkja hópinn.”

- Kitlar það þig aldrei að taka aftur fram knattspyrnuskóna og spila með?

„Jú, jú, þú getur rétt ímyndað þér það. Ég ætla að koma mér í form með því að taka þátt í æfingum en ég hef að undanförunu verið slæmur í baki en vonandi er það að lagast,” segir Sigursteinn hlægjandi. „Eigum við ekki bara að segja að ég ætli að berjast við strákana um sæti í liðinu, og verða þannig spilandi þjálfari,” segir Sigursteinn Gíslason.

GG

Leiknisfólk á ferð á flugi

Krakkarnir í Leikni hafa heldur betur verið á ferð og flugi í sumar. Hún var sérstaklega annasöm önnur helgin í ágúst þegar allir stúlknaflökkarnir og 6. fl. og 5. fl. karla héldu norður í land.

Stelpurnar fóru á Pæjumót á Siglufirði og stóðu sig með stakri þrýði. Leiknir sendi til leiks lið í 6. flokki, tvö lið í 5. flokki og tvö lið í 4. flokki. Hópur-

inn taldi því alls um 40 stelpur.

Strákarnir héldu aftur á móti af stað á Króksmót á Sauðárkróki. Þar voru á ferð bæði 6. flokkur sem og 5. flokkur og stóðu flokkarnir sig gríðarlega vel. Báðir flokkar unnu til verðlauna en B lið 5. flokks og B lið 6. flokks sigraðu mótið. 5. flokkur C lenti svo í 3. sæti. Glæsilegur árangur hjá krökkunum okkar.



**ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS
ER OPINN 1717**

Rauði kross Íslands

Síminn

Hressir krakkar í handboltaskóla Bjarna

Þriðjudaginn 4. ágúst sl. mættu hressir og kátir krakkar í leikja- og handboltaskóla Bjarna Fritzsonar í Seljaskóla. Handknattleiksdeild ÍR ákvað að bjóða uppá þennan kost til að koma til móts við þarfir barnanna og foreldra þeirra en lít-ið hefur verið í boði á þessum tíma undanfarin ár í hverfinu. Hjá yngstu krökkunum (6-10 ára) hefur aðal áherslan verið á ýmsa leiki bæði úti og inni þar sem handboltinn er að sjálfsögðu í hávegum hafður.

Ýmislegt hefur verið brallað hjá þeim eldri í handboltaskólanum (11-14 ára). Flottar fyrirmyndir úr íþróttahelminni Íslendinga hafa komið í heimsókn; má þar nefna þau Silju Úlfarsdóttur og Trausta Stefánsson frjalsíþróttafólk og Hrafnhildi Skúladóttur, Ólaf Sigurjónsson, Sigfús Sigurðsson og Finnur Jóhannsson handboltafólk. Meðal



Hér má glaða krakka á þessu frábæra námskeiði ásamt Bjarna og hluta af hans aðstoðarmönnum.

þess sem farið hefur verið í er m.a. andlegi þátturinn sem skiptir mjög miklu máli og svo hefur verið unnið með hlaupatækni ofan á allar aðrar hefðbundnar hliðar

handboltans. Mæting á námskeiðin hefur verið framfar öllum vonum eða um 130 iðkendur og þurfti að skipta handboltaskólanum í tvo hópa vegna fjölda.

Fjöldi bikarmeistara

ÍR eignaðist fjölda Bikarmeistara um helgina og fjöldi persónulegra meta leit dagsins ljós auk á 44. bikarkeppni FRÍ. Hér má sjá helstu úrslit keppinnar.

Sandra Pétursdóttir varð í 1. sæti í sleggjukasti 53.43 m, hennar þriðji besti árangur til þessa og mótsmet eins og áður segir. Hún keppti einnig í kringlukasti varð 4. með 33,86 m og 4. í mjög sterkri kúluvarpskeppni með 11.08 m. Vigfús Dan Sigurðsson varð í 3. sæti í sleggjukasti 42.98 m, flottur árangur hjá Fúsa. Kristín Birna Ólafsdóttir sigraði bæði í 100 m grindahlaupi á 15.28 sek og í 400 m grindahlaupi á 62.59 sek. Einar Daði Lárusson sigraði í 110 m grindahlaupi í gífurlega spennandi hlaupi, á 15.38 sek. og einnig í 400 m grindahlaupi á 53.17 sek., sem er 8. besti árangur Íslendinga í greininni frá upphafi. Einar sigraði svo einnig í langstökkinu með stökki upp á 7.17 m. Hann varð svo í 2. sæti í 200 m á 22.75 sek, sem er hans ársbesti tími og þriðji besti árangur Íslendinga í ár.

Heimir Þórisson varð þriðji í þristökkinu með 13.47 m sem er við hans besta árangur en vindurinn var aðeins af mikill. Hulda Þorsteinsdóttir kom sá og sigraði í stangarstökkinu stökk 3.40 m og sigraði með miklum yfirburðum. Hún var aðeins óheppin að fara ekki hærra en hún lenti í óhappi þegar hún reyndi við 3,60 m. Stefán Árni Hafsteinsson mætti ákveðinn til leiks í sömu grein og stökk 4.20 m og varð í 2. sæti.

Pétur Guðmundsson var 2. í kúlnni með 15.01 m sem er besti árangur hans utanhúss í ár og einnig varð hann 2. í kringlunni með 46.61 m sem er hans annar besti árangur á árinu. Frábært hjá Pétiri að ná svo góðum árangir sjálfur með fjölda topp íþróttamanna í baráttu á sama tíma og hann sjálfur er að keppa. Valdís Anna Þrastardóttir varð 3. í spjótkastinu eins og lagt hafði verið upp með, kastaði 41.78 m. Pálmi Pétursson kastaði spjótinu fyrir ÍR og varð hann í 3. sæti með 54.06 m sem er besti árangur hans í ár.

800 metrarnir tóku á

800 m hlaup kvenna tók á taugar áhorfenda en Björg Gunnarsdóttir stóð fyrir sínu að vanda og kom fyrst í mark eftir gífurlega spennandi hlaup og frábæran endasprenn, og tíminn 2:21,34 mín sem er alveg við hennar besta. Ljóst er að það er aðeins tíma-



Þráinn Hafsteinsson ánægður með sitt fólk í bikarkeppninni

spursmál hvenær Björg dettur undir 2:20 mín. Snorri Sigurðsson barðist eins og hetja í 800 m hlaupinu og varð í 2. sæti á 1:57.49 mín innan við einni sek á eftir sigurvegaranum. Snorri hljóp einnig glæsilegt 400 m hlaup, varð í 2. sæti á 50,90 sek. sem er besti árangur hans utanhúss í greininni en hann átti best 52.45 sek. síðan í Gautaborg í ár.

Einar Karl Hjartarson kom og stökk fyrir ÍR eftir margra ára fjarveru og það var eins og hann hefði aldrei farið frá okkur. Fór heila 2.10 m, 20 cm hærra en hans helsti keppinautur og átti finar tilraunir við 2.13 m en rétt felldi. Einar Karl átti hug og hjörtu áhorfenda enda ekki á hverjum degi sem ráin fer yfir 2 metrana. Jóhanna Ingadóttir sigraði í langstökk með 6.04 m og einnig í þristökki með 12.71 m og skellti sér svo í hástökk og stökk þar 1.63 m og varð í 2. sæti sem er jöfnun á hennar besta árangri síðan árið 2000.

Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir hljóp 100 m og 200 m með stæl og varð í 3. sæti í báðum greinum á 12.84 sek. í 100 m og 26.18 sek. í 200 m í ansi stífum mótvindi. Björn J. Þórisson varð 5. í 100 m hlaupi karla á 11.82 sek.

Fríða Rún með yfirburðum

Fríða Rún Þórðardóttir sigraði með yfirburðum í 1500 m á 4:44.02 mín. og í 3000 m á 10:09.82 mín sem er mjög svipaður árangur og á Landsmóti UMFÍ. Stefán Már Ágústsson varð í 5. sæti í 1500 m hlaupi á 4:26,66 mín. Ólafur Konráð Albertsson var gífurlega öflugur í 3000 m hindrun sem reyndar er ekki hefðbundin

keppnisgrein hjá honum en hann sýndi frábært keppnisskap og uppskar 2. sæti, tímann 9:39,66 mín. og bætingu um næstum heila mínútu en hann átti best 10:33 mín. fyrir. Í 5000 m hlaupinu hóf hann endasprenn sinn með rúmlega 500 m í mark, og héldu sumir að hann hefði ruglast í hringatalningunni, en hann hélt þó sprettinum með glæsilegu móti, kom þriðji í mark á frábærum tíma 15:43.46 mín sem er þriðji besti tími Íslendinga í þessari vegalengd á árinu og hans langbesti tími til þessa.

Erna Dís Gunnarsdóttir varð í 4. sæti í 400 m á 59.72 sek sem er 10/100 frá hennar besta flott hlaup hjá Ernu Dís sem bætir sig í hverju 400 m hlaupinu á fætur öðru.

Fínir taktar í boðhlaupum


Karlaliðið skilaði 2. sætinu í 4 x 100m boðhlaupi 8/100 sek á undan liði Fjölnis/Ármanns. Sveitina skipuðu þeir Juan Ramon Borges, Björn J. Þórsson, Ívar Jasonarson og Einar Daði Lárusson. Konurnar urðu fyrstar í mark á 48.98 sek, en sveitina skipuðu Dórothea Jóhannesdóttir, Birna Þórisdóttir, Jóhanna Ingadóttir og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir

Í 1000m boðhlaupi (100m, 200m, 300m, 400m) börðust ÍR-karlarnir hrikalega og urðu í 2. sæti á eftir FH á 1:59,78 mín. Helgi Björnsson, Björn Jóhann, Snorri og Einar Daði skipuðu sveitina. ÍR-konurnar kláruðu síðan daginn með táknrænum sigri þegar Kristín Birna kom yfir marklínuna eftir glæsilegt hlaup þeirra Birnu Þórisdóttur, Hrafnhildar og Ernu Dísar. Tíminn 2:18.57 mín.

Björn Halldór fyrsti svartbeltingur ÍR

Björn Halldór Óskarsson er fyrsti nemandinn hjá Júðódeild ÍR til að ná svarta beltinu.

Björn hefur iðkað júdó undir leiðsögn afa síns Björns H. Halldórssonar (4. Dan), aðalþjálfara deildarinnar, í áraraðir. Björn hefur í árana rás iðkað og keppt júdó með miklum árangri og hefur verið félagi sínu til mikils sóma. Aðspurður um ráð til handa sér yngri iðkendum lagði Björn áherslu á ástundun og þolinmæði. Árangur Björns á mótum sýnir og að rækt hans við æfingar hafa skilað deildinni fjölmarga titla. Þrátt fyrir harða keppni um sæti er A-landsliðssæti eitthvað sem Björn getur tryggt sér til framtíðar ef hann leggur jafn ríka áherslu og metnað í íþrótt sína héðan í frá sem hingað til. ÍR má vænta mikils af þessum harðduglega keppenda. Júdó, sem er yngsta deild félagsins, eykur framboðið með öflugum



starfi og jákvæðum iðkendum, sem kunna að meta anda félagsins og taka þátt í að efla það.

Þrír ÍR-ingar í unglingalið SKÍ

Þrír ÍR-ingar voru í júlí valdir í unglingalið Skíðasambands Íslands, skipað keppendum fæddum '93 og '94. Þetta eru þau Jóhanna Hlín Auðunsdóttir, Einar Kristinn Kristgeirsson og Stefán Ingi Jóhannsson.

Skíðasamband Íslands hefur sett upp metnaðarfulla áætlun sem miðar að því að liðið nái yfir 30 skíðadögum fyrir áramót. Stefnt er á æfingaferðir og mót erlendis auk æfinga á Íslandi. Einar og Stefán munu

æfa með ÍR í vetur auk þess sem þeir æfa með unglingaliðinu. Jóhanna mun hinsvegar æfa í Áre í Svíþjóð í vetur samhliða námi. Þrek og styrktaræfingar 13 ára og eldri iðkenda skíðadeildar ÍR hafa staðið í allt sumar og munu standa fram að skíðæfingum sem hefjast í nóvember. Haustæfingar yngri iðkenda hefjast í byrjun september og munu upplýsingar um æfingatíma finnast á heimasíðu ÍR á næstu dögum.

Íþróttaskóli fyrir 3 til 6 ára

Líkt og undanfarin ár verður Íþróttaskólinn í boði einu sinni í viku frá september til maí. Skólinn hefur aðsetur í ÍR-heimilinu við Skógarsel 12. Best er að börnin séu berfætt og í þægilegum bol og buxum, ekki er þörf á sérstökum íþróttafatnaði.

Þriggja til fjögurra ára börn eru saman í hóp og 5-6 ára saman. Yngstu börnin eru þau sem verða 3ja ára á árinu 2009 og þau elstu eru börn úr 1. árgangi skólanna.

Í Íþróttaskólanum eru lestar ýmsar þrautir þar sem börnin reyna á jafnvægi, fin- og grófhreyfingar, samhæfingu, líkamlegan þroska sem og félagslegan. Þau læra að bera virðingu fyrir öðrum og vinna saman. Skynfærin þarf einnig að örva og samhæfa og í leikfimi sem þessari reynir á þau öll. Tveir íþróttaræðingar verða með hópana. Allir iðkendur fá gefins ÍR-boli. 3 til 4 ára ('05-'06) eru á þriðjud. kl.16:00 til 16:40 og kl. 16:40 til 17:20. 5-6 ára

('03-'04) eru á þriðjud. kl. 17:20 til 18:00. Verð fyrir áramót: 16 vikur 1 sinni í viku kosta 8.000 kr. og verð eftir áramót: 18 vikur 1 sinni í viku kosta 9.000 kr.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

Óskum Breiðholtsbúum til hamingju með nýja viðbyggingu við FB



SS SVEINBJÖRN
VERKTAKI SIGURÐSSON
- Við byggjum upp -

ARKÍS



BLIKKSMÍÐURINN
PEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

Stjörnumálun
- fagmennska í fyrirtæmi

Lagnalist ehf.

Arnar Arinbjarnar
Húsamálari

Ingólfur
Valdimarsson ehf
Alhliðar garðvinna